



BA ritgerð
Félagsráðgjöf

Samstarf barnaverndaryfirvalda og grunnskóla

Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Emilía Lilja Gilbertsdóttir

Leiðbeinandi: Unnur V. Ingólfssdóttir
Febrúar 2016



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Samstarf barnaverndaryfirvalda og grunnskóla
Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Emilía Lilja Gilbertsdóttir

2504824509

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Unnur V. Ingólfssdóttir

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2016

Samstarf barnaverndaryfirvalda og grunnskóla- Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Emilía Lilja Gilbertsdóttir 2016

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2016

Útdráttur

Markmið þessa verkefnis var að skoða samstarf barnaverndaryfirvalda og grunnskóla. Ennfremur að skoða hvort aukið samstarf bryti í bága við ákvæði barnaverndarlaga auk þess að rýna í hvers konar samstarf er mikilvægt að eigi sér stað í barnavernd. Barnaverndaryfirvöld hafa sætt gagnrýni starfsfólks grunnskóla vegna lítilla upplýsinga sem þau veita um einstaka mál sem eru til meðferðar. Barnaverndarstarfsmenn telja sig ekki hafa lagalegan rétt til að veita slíkar upplýsingar vegna friðhelgi barns og fjölskyldu þess. Starfsmenn barnaverndaryfirvalda sem fara með barnaverndarmál eru flestir félagsráðgjafar og vinna þeir starf sitt út frá barnamiðaðri nálgun í leit að farsælli lausn í hverju máli fyrir sig. Kenningar sem þeir styðjast gjarnan við eru kerfiskenningar og miða að því að skoða hvert tiltekið mál út frá barninu og styrkingu nærkerfisins. Hlutverk grunnskóla er samkvæmt almennum velferðaráherslum um vernd barna en hlutverk barnaverndar er þrengra og á einungis við ef rökstuddur grunur er fyrir hendi um að barni sé hættu búin. Samstarf stofnana í barnaverndarmálum tekur mið af ákvæðum barnaverndarlaga og sjái félagsráðgjafi að hag barns sé betur borgið með samstarfi við grunnskólann ber honum að leita leyfis foreldra fyrir því. Mikilvægasti hlekkurinn í öllu samstarfi við barnavernd er samstarf við barnið eftir aldri og þroska og forráðamenn. Rannsóknir sýna að með styrkingu nærkerfisins eru meiri líkur á farsælli lausn fyrir barnið.

Formáli

Eftirfarandi verkefni er 12 eininga (ETSC) lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf við félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Það er unnið á haustmánuðum 2015 og er áætluð útskrift í febrúar 2016. Leiðbeinandi minn var Unnur V. Ingólfssdóttir félagsráðgjafi MA, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar og aðjunkt við félagsráðgjafadeild HÍ. Henni færi ég bestu þakkir fyrir að hafa stappað í mig stálinu þegar skrifin urðu hvað erfiðust með hvatningu og góðum ábendingum. Mig langar að nýta tækifærið og þakka Þórkötlu Þórisdóttur félagsráðgjafa og deildarstjóra þjónustubrauta við Borgarholtsskóla. Fyrir hennar tilstilli öðlaðist ég trú á sjálfri mér varðandi frekara nám og áhugi á félagsráðgjöf kviknaði. Sérstakar þakkir fá svo amma Della og afi Elli fyrir óbilandi trú á mér, mamma fyrir alla aðstoðina og eiginmaður minn og börnin þrjú sem á mismunandi hátt hafa stutt mig og styrkt sýn á mikilvægi félagsráðgjafar.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Efnisyfirlit	5
1 Inngangur	6
2 Félagsráðgjöf	9
2.1 Kenningar	10
2.2 Vistkerfiskenning Bronfenbrenners	11
2.3 Valdefling og notendasamráð	11
3 Barnavernd	13
3.1 Skilgreining.....	13
3.2 Sjóarmið	13
3.3 Barnaverndaryfirvöld	14
3.4 Nálgun í barnaverndarstarfi.....	15
3.5 Markmið og hlutverk barnaverndar	16
3.6 Meðferð máls.....	17
3.7 Gerð áætlana	18
4 Grunnskólinn	19
4.1 Lagalegt hlutverk grunnskólans	19
4.2 Forvarnir.....	21
4.3 Hlutverk kennara	22
4.3.1 Samstarf heimilis og skóla	23
5 Réttindi barns og foreldra	25
5.1 Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	26
6 Samstarf í barnavernd	28
6.1 Samstarf barnaverndar og foreldra	29
6.2 Samstarf barnaverndar og grunnskóla	32
7 Viðhorf barna	34
8 Niðurstöður og umræða	36
Heimildaskrá	39

1 Inngangur

Sífelld meiri áhersla er lögð á samstarf milli stofnana í leit að betri og markvissari þjónustu. Í samstarfi sem slíku ber að gæta þeirra grundvallarmannréttinda sem Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands ver í 65.gr. sinni „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ Í 71.gr. segir enn fremur að allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu en takmarka megi þann rétt með sérstakri lagaheimild ef brýn nauðsyn krefur vegna réttinda annarra (Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944). Dæmi um slíka lagaheimild er að finna í Barnaverndarlögum nr. 80/2002 þar sem börnum eru gefin réttindi til verndar, umönnunar og nauðsynlegrar aðstoðar ef tilefni þykir til. Meðferð gagna innan stjórnsýslunnar er jafnframt varin í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

Barnaverndarstarf hefur ávallt þótt umdeilt og átakasamt. Fólk er almennt sammála um að ekkert barn þurfi að búa við ofbeldi og/eða vanrækslu og samfélaginu beri skylda til íhlutunar ef brotið er á réttindum þeirra. Ekki eru þó allir á eitt sáttir um hvar línan ætti að liggja og hvenær beri að grípa inn í aðstæður barns. Harding (1997) bendir á að tvö sjónarmið séu ríkjandi um það hvað felst í barnavernd og vísi annað þeirra til ábyrgðar foreldra á uppeldi barna sinna og friðhelgi fjölskyldunnar en hitt vísi til ábyrgðar samfélagsins um íhlutun á kostnað foreldraréttarins (Harding, 2007). Að því gefnu má ætla að barnaverndarstarf á Íslandi sé blandað þessum tveimur sjónarmiðum. Reynt er að ná samstarfi við foreldra með aðstoð til úrlausnar en ef samstarf næst ekki hefur barnaverndarnefnd lagaheimildir til inngripa til verndar réttindum barnsins ef brýn nauðsyn krefur (Barnaverndarlög nr. 80/2007). Samkvæmt 12. gr. stjórnsýslulaga gildir meðalhófsreglan sem miðar að því að stjórnvöld taki einungis íþyngjandi ákvarðanir þegar ljóst er að „...lögmætu markmiði sem stefnt sé að verði ekki náð með öðru og vægara móti“ (Stjórnsýslulög nr 37/1997).

Flestir starfsmenn barnaverndarnefnda eru með félagsráðgjafarmenntun. Félagsráðgjafar byggja starf sitt á fræðum, faglegrri þekkingu og rannsóknum (Sigrún

Júlíusdóttir, 2006a). Þeir starfa eftir lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 og siðareglum félagsráðgjafa. Samkvæmt siðareglum stundar félagsráðgjafi „...starf sitt með faglega heildarsýn að leiðarljósi og byggir á fræðilegum kenningum, niðurstöðum rannsókna og starfsreynslu í félagsráðgjöf“ (Embætti Landlæknis, e.d.). Sigrún Júlíusdóttir doktor í félagsráðgjöf (2006b) leggur áherslu á að til þess að hægt sé að beita heildarsýn er grunninn að finna í fræðum og rannsóknum.

Rannsóknir hafa sýnt merki um tortryggni og vantraust í samstarfi starfsmanna grunnskóla og starfsmanna barnaverndarnefnda (Baklien, 2009; Gerður Sif Stefánsdóttir 2012). Og að starfsmenn grunnskóla vilji sjá aukið samstarf við starfsmenn barnaverndarnefnda og meiri upplýsingar er varða meðferð einstakra mála (Gerður Sif Stefánsdóttir, 2012). Í ljósi þess lagaramma sem barnaverndin vinnur eftir gefa starfsmenn engar upplýsingar án leyfis foreldra en hvetja þó foreldra til samstarfs við grunnskóla telji þeir skólann geta verið liður í samstarfi (Anni G. Haugen, 2012).

Að þessu gefnu er athyglisvert að skoða hvernig samvinna í barnaverndarmálum fer fram. Hvert er hlutverk hvers aðila fyrir sig og hvort skólinn hefur lagalegan rétt til frekara samstarfs með eða án leyfis foreldra? Eins finnst mér mikilvægt að rýna í hvernig samstarf þarf að eiga sér stað í barnaverndarmálum til verndar hagsmuna barnsins.

Rannsóknarspurningar sem leitast er við að svara eru:

1. Hvert er hlutverk starfsmanna grunnskóla í samstarfi við starfsmenn barnaverndarnefnda?
2. Myndi aukið samstarf brjóta í bága við lög um friðhelgi og trúnað?
3. Hverskonar samvinna þarf að eiga sér stað í barnaverndarmálum?

Til að svara ofangreindum spurningum verður farið yfir fræðilega sögu félagsráðgjafar og þá kenningahefð sem félagsráðgjafar barnaverndarnefnda vinna eftir. Í þriðja kafla verður hlutverk barnaverndarnefnda skoðað út frá lagalegum og fræðilegum grunni. Í fjórða kafla verður hlutverki grunnskólans og starfsmanna gerð skil og rýnt í hlutverk þeirra gagnvart barni og foreldrum. Fimmti kafli er tileinkaður réttindum barna og foreldra með yfirsýn yfir þróun réttinda barnsins sem og umfjöllun um friðhelgi og meðferð persónuupplýsinga. Sjötti kafli er tileinkaður samstarfi í

barnavernd út frá íslenskum lögum og fræðilegum upplýsingum um samstarf. Að lokum verður farið yfir íslenskar og erlendar rannsóknir á upplifun barna á skólasamfélaginu sem orðið hafa fyrir ofbeldi.

2 Félagsráðgjöf

Faggrein félagsráðgjafar hefur verið í þróun frá upphafi 19. aldar og sækir uppruna sinn til kristilegs hjálparstarfs í norður Ameríku. Allt frá fyrstu tíð hefur leiðarljós félagsráðgjafa verið að hjálpa fólki til sjálfshjálpar með heildarsýn yfir aðstæður þess. Hlutverk félagsráðgjafar er að koma auga á og virkja styrkleika hvers og eins til sjálfshjálpar. Mikið er lagt upp úr heildarsýn yfir þá marga ólíku þætti sem hafa áhrif á líf einstaklings í örri þróun samfélagsins. Í starfi félagsráðgjafa er jafnframt lögð áhersla á að aðstæður einstaklingsins séu skoðaðar frá öllum hliðum, ásamt umhverfinu í kringum hann (Farley, Smith og Boyle, 2006; Lára Björnsdóttir, 2006; Björg Karlsdóttir, Ólöf Unnur Sigurðardóttir og Sveinbjörg J. Svavarsdóttir, 2006). Í siðareglum félagsráðgjafa segir að markmið félagsráðgjafar sé að vinna að lausn vandamála, persónulegum og félagslegum og sporna við ranglæti. Jafnframt vinnur félagsráðgjafi gegn öllum mannréttindabrotum en grunngildi hans eru virðing manngildis og trú á getu einstaklingsins til að nýta sér eigin hæfileika (Landlæknir, e.d.). Innan félagsráðgjafar er stuðst við kenningar en kenning er ákveðið kerfi samtengdra hugmynda og hugtaka sem tengjast innbyrðis og sýna verkun hins félagslega veruleika (Neuman, 2011). Í nútíma samfélagi sem tekur sífelldum breytingum hafa kenningar auðveldað félagsráðgjöfum að greina þá víxlverkun sem á sér stað milli einstaklings og umhverfisins (Farley, Smith og Boyle, 2009). Áhersla er lögð á líf- og sálfélagslega nálgun skjólstæðings ásamt því að unnið er eftir sögulegu og vistfræðilegu samhengi. Félagsráðgjafinn myndar þannig ákveðin tengsl milli kerfanna sem eru skjólstæðingurinn, þjónustustofnanir og samfélagið (Sigrún Júlíusdóttir, 2006a).

Þær kenningar sem falla hvað best að félagsráðgjöf eru kerfiskenningar en þar er áhersla lögð á heildstæða nálgun yfir samspil ólíkra þátta í lífi einstaklings og áhrifa sem hann verður fyrir frá umhverfinu í kringum hann (Hrefna Ólafsdóttir, 2006). Að því leyttinu til eru kerfiskenningar ólíkar öðrum kenningum innan félagsráðgjafar sem ganga út frá einstaklingnum sjálfum, hegðun og áhrif hans á umhverfið (Payne, 2005). Hugmyndir um valdeflingu og notendasamráð birtist í síauknum mæli í félagsráðgjöf en þær snúast um að efla einstaklinginn til þátttöku í eigin lífi (Warren, 2007). Svo mætti segja að þær hugmyndir séu nýttar að hluta til í barnavernd þegar kemur að stuðningi

við fjölskyldur og aukna áherslu á þátttöku foreldra og barna. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns og barnaverndarlögin hvetja einnig börn og foreldra þeirra til þátttöku og íhlutunar í eigin málum.

2.1 Kenningar

Líffræðingurinn og heimspekingurinn Ludvig von Bertalanffy (1901- 1972) er talinn vera einn af upphafsmönnum kerfiskenninga (e. systems theory). Kenning von Bertalanffy (e. general systems theory) var á sviði líffræðinnar og var nátengd þróunarkenningu Darwins. Von Bertalanffy lagði áherslu á heildræna nálgun á flókið samspil ólíkra þátta í lífi einstaklings og umhverfis hans. Hann taldi að allar lífverur tilheyrðu ákveðnum kerfum og skoðaði hegðun þeirra út frá áhrifum sem þær urðu fyrir frá umhverfinu. Bertalanffy einblíndi á þrjá þætti en það eru tegund, fjöldi og tengsl (Payne, 2005; Bertalanffy, 1975). Hugmyndir Von Bertalanffy voru útfærðar yfir á félagslega kerfið (e. social system) og innleiddar í félagsráðgjöf meðal annars vegna áhrifa frá hugmyndum um samstarf. Minni félagslegar stofnanir sáu hag sinn í því að hefja samstarf með öðrum stofnunum þrátt fyrir ólík sjónarhorn. Stofnanir tóku að sameinast og frekari heildarsýn yfir málefni einstaklinga skapaðist í kjölfarið og auðveldaði úrvinnslu mála (Payne, 2005).

Samkvæmt félagslegri kerfiskenningu (e. social system theory) eru margbreytileg félagsleg kerfi í lífi einstaklings sem hann á í beinum eða óbeinum samskiptum við og samspil kerfanna á milli. Nálægð samskipta og áhrifavaldar segja til um í hvaða kerfi hugtakið lendir og styrk áhrifa sem það hefur á borð við fjölskyldu, skóla, vini, heilsugæslu, lög og reglur. Hvert kerfi hefur sitt hlutverk og saman stuðla þau að velferð einstaklingsins (Farley, Smith og Boyle, 2006). Pincus og Minhan (1981) flokkuðu kerfin í óformleg, formleg og samfélagsleg kerfi. Óformleg kerfi (e. informal systems) innihalda fjölskyldu, vini og þá sem eru í nánasta samskiptaneti. Í formleg kerfi (e. formal systems) falla ýmsir hópar og félagasamtök í samfélaginu á borð við AA samtökin og íþróttafélög. Samfélagsleg kerfi (e. societal systems) á aðallega við stofnanir samfélagsins sem hafa áhrif á einstaklinginn eins og skólar, félagsþjónusta og heilsugæsla (Pincus og Minhan, 1981). Helsta gagnrýni á kerfiskenningar er sú að gert er ráð fyrir að allt falli að ákveðnu kerfi og ekkert geti staðið utan kerfis (Payne, 2005).

2.2 Vistkerfiskenning Bronfenbrenners

Bronfenbrenner (1979) þróaði hugmynd Von Bertalanffy áfram út frá félagslega kerfinu. Bronfenbrenner hafði áhuga á að skoða áhrif umhverfis frekar og samspil þáttanna á þroska barna. Hann setti fram vistkerfiskenningu eða vistfræðilega kerfiskenningu (e. ecological systems theory) á 8. áratug síðustu aldar. Kenning Bronfenbrenner gengur út á samvirkni þeirra fjölbreytilegu þátta sem hafa áhrif á börn í lífi þeirra og alhliða þroska. Hann útbjóst vistkerfislíkan (e. ecology model) þar sem áhrifavöldum umhverfis er skipt niður í fjögur kerfi sem eru á míkro, meso, exo og makró stigi. Barnið staðsetur hann í miðju líkansins og raðar áhrifaþáttum í hringi í kringum það út frá styrk áhrifanna. Daglegt líf einstaklings á sér stað í nærkerfi (e. micro system). Þar setur Bronfenbrenner félagslegt og efnislegt umhverfi barnsins eins og fjölskyldu, skólafélaga og vini. Millikerfið (e. meso system) umlykur nærkerfið en þar setur Bronfenbrenner nærsamfélagið svo sem íbúðahverfið sem barnið tilheyrir. Millikerfinu tilheyra skólar og aðrar stofnanir sem koma að daglegu lífi barnsins, ásamt öðrum áhrifavöldum eins og kennurum, þjálfurum íþróttafélaga og frístundaleiðbeinendum. Millikerfi sameinar jafnframt þá þætti sem hafa áhrif á nærkerfið. Stofnanakerfi (e. exo system) styður millikerfið og þar er að finna þjónustu við samfélagið til dæmis félagsþjónustu og barnavernd ásamt öðrum áhrifaþáttum í lífi barns eins og atvinna foreldra. Ysti hringurinn er lýðkerfi (e. macro system) sem inniheldur mótandi þætti samfélagsins á borð við viðhorf og gildi samtímans, lög og reglur. Aðrar stofnanir eins og heilbrigðisþjónusta og fleiri menningar-, efnahags-, félags-, og pólitískir þættir tilheyra einnig lýðkerfinu. (Berk, 2007; Bronfenbrenner, 1979; Lightfoot, Cole og Cole, 2008) Barnalög og barnaverndarlög eru gott dæmi um stuðning frá þáttum lýðkerfis en þau tryggja börnum meðal annars rétt til verndar og íhlutun ef aðstæður barns eru óviðunandi (Barnalög nr. 76/2003; Barnaverndarlög nr. 80/2002). Samkvæmt Bronfenbrenner skapar samverkun þessara kerfa sýn barnsins á umhverfi sitt og umheiminn og telur hann ennfremur að áhrifamestu þættir í lífi barns séu þættir í nærkerfi (Bronfenbrenner, 1979; Lightfoot, Cole og Cole, 2008; Berk, 2007).

2.3 Valdefling og notendasamráð

Hugtakið valdefling (e. empowerment) hefur verið tengt við réttindabaráttu minnihlutahópa. Hugtakið vísar í almenn mannréttindi og að hafa vald til að hafa áhrif á

eigið líf með íhlutun í eigin málefni. Valdefling getur verið eitt af formum sjálfstyrkingar þar sem áhersla er lögð á að einstaklingurinn öðlist trú á sjálfan sig, trú á eigin getu og að hann hafi áhrif í eigin lífi (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006; Thompson, 2009; Warren, 2007). Til þess að breyta valdeflingu þurfa félagsráðgjafar að hafa kunnáttu til að beita aðferðinni þar sem lögð er áhersla á virkt samstarf þjónustuþega og félagsráðgjafans. Með valdeflingu þjónustuþega öðlast þeir stjórn í eigin lífi og eru þar með líklegri til að sækja sér betri lífsgæði (Tompson, 2009; Warren, 2007). Valdefling og hugtakið notendasamráð (e. carer participation) eru náskyld hugtök sem oft eru notuð saman. Notendasamráð er aðferð, einskona huglægt verkfæri sem notast er við til að ná fram aukinni þátttöku og virkni samhliða aukinni ábyrgð notanda. Álit notenda er mikilvægt og hefur áhrif á stefnumótun og skipulagningu á þjónustu á einstaklingsgrundvelli (Warren, 2007). Vitundarvakning hefur orðið um mikilvægi notendasamráðs og skipar það stóran sess í þróun stefnumótunar velferðakerfa (Plant, 2006).

Því mætti velja upp hvort markviss notkun á valdeflingu og notendasamráði væri grundvöllur til áhrifa í starfsemi barnaverndarnefnda þar sem foreldrar og börn fynndu til valds og því meiri líkur á áhrifaríku samstarfi. Fjölskyldan sjálf býr yfir upplýsingum um eigið líf sem gæti gefið félagsráðgjafanum mikilvægan útgangspunkt um hvernig vanda fjölskyldan er að glíma við.

3 Barnavernd

Barnaverndarstarf hefur alltaf verið umdeilt og áttakamt en hugtakið barnavernd nær til lagalegra, tilfinningalegra, heilsufarslegra og félagslegra þátta. Mikilvægt er að skilgreiningar á barnavernd séu vandaðar en erfitt getur verið að skilgreina hugtakið vegna þeirra fjölda ólíkra þátta sem snúa að hverju barni. Afmörkun barnaverndar er háð skoðun manna hverju sinni og þeim tíðaranda sem ríkir í þjóðfélaginu (Guðrún Kristinsdóttir, 2004; Barnaverndarstofa, 2006). Í norrænum lagasetningum hefur meiri áhersla verið lögð á réttindi barnsins og hagsmunir þess hafðir að leiðarljósi. Þær gera ráð fyrir snemmtækri íhlutun barnaverndaryfirvalda og er velferðaráhersla víð almennt en þrengri í alvarlegum barnaverndarmálum (Guðrún Kristinsdóttir, Freydís Jóna Freysteinsdóttir, Guðrún Frímansdóttir, Gunnar M. Sandholt, Hrefna Friðriksdóttir og Ólöf Finnsdóttir, 2004).

3.1 Skilgreining

Talað hefur verið um „víða skilgreiningu“ og „þrönga skilgreiningu“ á hugtakinu barnavernd. Þröng skilgreining á oftast nær við barnaverndarlög með áherslu á vernd en ramma af öllu starfi barnaverndaryfirvalda er að finna í lögum. Víð skilgreining á við hvers kyns forvarnarstarf sem unnið er í þágu barna. Þegar kemur að víðri skilgreiningu þarf að meta hvenær unnið er alhliða eftir barnaverndarlögunum og hvenær byggja eigi mál á öðrum lögum samanber stjórnsýslulögum og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Bandarísk löggjöf er til að mynda þrengri en sú íslenska en þar þarf ofbeldi og vanræksla að vera til staðar svo mál geti talist til barnaverndarmáls (Guðrún Kristinsdóttir ofl., 2004).

3.2 Sjónarmið

Tvö sjónarmið eru ríkjandi um það hver eigi að bera ábyrgð á umönnun og uppeldisskilyrðum barna. Annað leggur áherslu á ábyrgð og réttindi foreldra og friðhelgi einkalífsins, fjölskyldunni til handa en hitt sjónarmiðið heldur á lofti ábyrgð samfélagsins um vernd og velferð barna á kostnað foreldraréttarins (Harding, 1997). Starfsemi barnaverndar á Íslandi einkennist af báðum sjónarmiðum með samblandi af stuðningi og þvingunum (Barnaverndarlög nr. 80/2002; Harding, 1997). Togstreita og mótsagnir

geta myndast í barnaverndarstarfi vegna þessa og vegna viðkvæmni afskipta barnaverndar. Starfsmaður barnaverndar sem oftast er félagsráðgjafi þarf að vanda til verka, þræða meðalveginn en ávallt hafa réttindi og velferð barnsins að leiðarljósi. Í barnaverndarlögum kemur fram að starfsmaðurinn eigi að styðja við barnið og fjölskylduna í heild en á sama tíma hefur hann heimildir til að grípa til aðgerða þvert á vilja barns eða foreldra (Barnaverndarlög nr. 80/2002; Guðrún Kristinsdóttir, 2008). Þessir þættir fara ekki alltaf saman og geta haft áhrif á traust foreldra og barna til barnaverndaryfirvalda (Holland, 2004). Þó mismunandi skoðanir séu á því hvaða áherslur eigi að ríkja í barnavernd og hvernig afskipti opinberra aðila eigi að vera virðist fólk á eitt sátt um að hið opinbera eigi að hafa afskipti af börnum sé velferð þeirra ógnað á einhvern hátt (Barnaverndarlög nr. 80/2002, Guðrún Kristinsdóttir 1993, Harding 1997). Eins krefst almenningur verndar yfir réttindum barna og að barnaverndarstarfsmenn sýni fagmennsku í starfi (Farley, Smith og Boyle, 2006; Munro, 2008).

3.3 Barnaverndaryfirvöld

Samkvæmt 76. grein stjórnarskrárinnar skal börnum vera tryggð sú vernd sem velferð þeirra krefst. Með því er átt við vernd barna hvort sem er í andlegum, líkamlegum eða félagslegum skilningi. Barnaverndaryfirvöldum ber skylda til að hlúa að uppvaxtarskilyrðum barna til að auka möguleika þeirra til betra lífs (Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944). Til barnaverndaryfirvalda á Íslandi teljast Velferðarráðuneytið, Barnaverndarstofa, Kærunefnd barnaverndarmála og barnaverndarnefndir sveitarfélaga. Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir Velferðarráðuneytið og hefur það hlutverk að samhæfa og efla barnaverndarstarf í landinu. Barnaverndarstofa hefur eftirlit með starfsemi barnaverndarnefnda og sinnir ráðgjöf og fræðslu nefndunum til handa. Barnaverndarstofa skal vera ráðgefandi til félagsmálaráðherra um stefnumótun í málaflokknum, sinna fræðslu og ráðgjöf til barnaverndarnefnda landsins ásamt því að leiðbeina um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Barnaverndarnefndir eru pólitískt kjörnar og taka þeir sem þar sitja veigamestu ákvarðanirnar um málefni sem fjallað er um hverju sinni. Námskröfur nefndarmanna eru ekki tilgreindar í barnaverndarlögum en mælt er til að lögfræðingur taki sæti í nefnd ásamt öðrum sem eru sérhæfðir í

málefnum barna. Nefndarmenn vinna ekki með börn og foreldra þeirra í daglegu starfi og koma sjaldan að vinnslu einstakra mála. Daglegt starf innan barnaverndar er á höndum starfsmanna. Barnaverndarstarfsmenn vinna að málsmeðferð, taka við tilkynningum, framkvæma könnun og aðstoða fjölskylduna við að finna farsæla lausn. Oftast nær eru mál unnin í samráði við fjölskyldur barnanna sem um ræðir en þó getur komið upp sú staða að foreldrar og barnaverndarstarfsmenn ná ekki saman og hefur þá barnavernd heimild til að taka ákvarðanir án samþykkis foreldra (Anni G. Haugen, 2008; Barnaverndarlög nr. 80/2002). Fram kemur í 26. grein barnaverndarlaga að barnaverndarnefnd geti með úrskurði kveðið á um „...eftirlit með heimili, gefið fyrirsmæli um aðbúnað og umönnun barns svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, rannsókn, meðferð eða þjálfun“. Jafnframt geta barnaverndaryfirvöld tekið ákvörðun um að ekki megi fara með barnið úr landi þyki tilefni til (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Í 14. gr. barnaverndarlaga er ákvæði um að starfsmenn barnaverndar skulu vera með sérhæfða menntun í málefnum barna. Ef sérhæft starfsfólk er ekki til staðar ber barnaverndarnefndum að tryggja að hún hafi aðgang að sérþekkingu sem er viðeigandi í hverju máli fyrir sig. Kröfur til starfsmanna eru þær að þeir séu í stakk búnir til að veita viðeigandi rágjöf, leiðbeiningar og fræðslu til foreldra, stofnana og annarra sem annast uppeldi barna (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

Barnaverndarstarfsmaður þarf að tileinka sér margþætta þekkingu, hafa þroskaða dómgreind og færni í faglegri félagsráðgjöf. Hann þarf að þekkja eigin viðhorf, fordóma og tilfinningar og búa yfir hæfni til að setja sig í spor annarra. Mikilvægt er að barnaverndarstarfsmaður geti aðskilið eigin tilfinningar frá því sem gerist á vettvangi og nýti faglega þekkingu á uppbyggilegan hátt með tilliti til þess að allir er við koma barnaverndarmáli njóti virðingar (Anni G. Haugen, 2008; Farley, Smith og Boyle, 2006).

Fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd var stofnuð 5. desember 2008 með það að markmiði að efla samskipti félagsráðgjafa í barnavernd, auka fræðslu og forvarnarstarf ásamt því að stuðla að framhalds- og símenntun og rannsóknum í félagsráðgjöf í málaflokki barnaverndar (Félagsráðgjafarfélag Íslands, e.d.).

3.4 Nálgun í barnaverndarstarfi

Áður fyrr einkenndist barnaverndarstarf af því viðhorfi að foreldrar gætu verið erfiðir og möguleg ógn við barnið sem yfirvöldum bæri að vernda þau gegn. Viðhorf

barnaverndaryfirvalda hafa breyst í takt við aðrar þjóðfélagsbreytingar og er nú litið svo á að hagur barnsins sé að alast upp hjá foreldrum sínum (Saint-Jacques, Drapeau, Lessard og Beaudoin, 2006). Grunnþörf barna er að finna til ástar og umhyggju frá foreldrum sínum sem spegla og staðfesta réttmæta tilvist þeirra (Sigrún Júlíusdóttir, 2010).

Nálgun barnaverndaryfirvalda einkenndist hér áður af foreldramiðaðri nálgun (e. adult-directed practice) þar sem einblínt var á gildi og viðhorf foreldra en ekki tekið mið af vilja barnsins. Rannsókn Guðrúnar Kristinsdóttur (1991) leiddi í ljós að héraendis hafi sú nálgun verið ríkjandi innan barnaverndar þar sem börn höfðu minnsta vægið í vinnslu mála þó að þátttaka þeirra fari aukandi. (Guðrún Kristinsdóttir, 1991).

Áhrifavaldur á þróun nálgunar samskipta í barnavernd í fjölmörgum löndum er samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns nr. 18/1992 hér eftir nefndur Barnasáttmálinn. Barnasáttmálinn var undirritaður fyrir Íslands hönd árið 1990, fullgiltur í október 1992 og öðlaðist lögfestingu mánuði síðar. Í kjölfarið hefur áherslan beinst í sífellt meira mæli að barnamiðaðri nálgun (e. child-directed practice) við könnun og vinnslu mála (Anni Haugen, 2010). Með barnamiðaðri nálgun er barninu gefinn réttur til íhlutunar og fullvissu á að skoðanir þess séu jafn merkar hinna fullorðnu. Áherslan liggur í þátttöku og valdeflingu barnsins og þarf félagsráðgjafinn að hafa tileinkað sér færni til að greina stöðu og vilja barnsins, útfrá upplifun (Bell, 2002; Fern, 2008; Hervör Alma Árnadóttir, 2010). Útfrá barnamiðaðri nálgun er einnig horft til styrkleika fjölskyldunnar og foreldrar studdir í uppeldishlutverki sínu svo þeir geti haft börn sín hjá sér (Noble, Perkins og Fatout, 2000). Svo lengi sem það þjóni hagsmunum barnsins en barnið á ávallt að vera í forgrunni (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

3.5 Markmið og hlutverk barnaverndar

Hlutverk barnaverndar er í lagalegum skilningi fólgið í inngripi þegar rökstuddur grunur er fyrir því að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður eða stofni sjálft eigin heilsu og þroska í hættu, viðeigandi og nauðsynlega aðstoð.

Þegar taka á ákvörðun um hvort hefja skuli könnun máls í kjölfar tilkynningar skulu starfsmenn ávallt gæta samræmis og jafnræðis. Mál skulu unnin eftir verklags- og málsmeðferðarreglum sem og öðrum lögum og reglugerðum sem í gildi eru hverju sinni. Mikilvægt er að starfsmenn vandi sig til verka og séu samvissusamir við úrlausn mála

(Barnaverndarlög nr. 80/2002). Gæta þarf fyllsta trúnaðar þar sem oftast er um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar en trúnaður skiptir afar miklu máli svo hægt sé að skapa traust milli málsaðila. Leitast skal við að ná þessum markmiðum með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Fram kemur í 12. gr. barnaverndarlaga að hlutverk barnaverndarnefnda skiptist í þrjá megin þætti; eftirlit, úrræði og önnur verkefni. Barnavernd ber að kanna uppeldisskilyrði, aðbúnað og hátterni þeirra barna sem tilkynnt er um og meta þarfir þeirra til íhlutunar. Beita skal þeim úrræðum sem heppilegust þykja til verndar hagsmuna þeirra og velferð en ávallt skal þess gætt að vægustu úrræðum sé fyrst beitt. Barnaverndarnefndir sinna einnig öðrum verkefnum en sveitastjórnnum er heimilt að leita til barnaverndarnefnda með verkefni sem tengjast aðstæðum barna og ungmenna innan umdæmis. Barnaverndarnefndir hafa þó lagalegt sjálfstæði en í 13. gr. sömu laga kemur fram að sveitarstjórnnum er ekki heimilt að leita upplýsinga um einstök mál. Þær geta ekki haft áhrif á framgang mála, og ekki er hægt að vísa barnaverndarmálum til sveitarstjórnar (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Barnaverndarnefnd hefur því rétt til sjálfstæðra vinnubragða en kæra má úrskurð hennar til kærunefndar barnaverndarmála og í tilvikum fyrir dómstólum landsins sbr. 28. grein. Barnaverndarnefnd veitir einnig aðstoð og stuðning til foreldra sem eiga erfitt með að sinna forsjáskyldum sínum (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

Ef grunur vaknar um að barn njóti óviðunandi uppeldisskilyrða ber öllum samfélagsþegnum að tilkynna um það til barnaverndar. Sú tilkynningarskylda nær enn fremur til þeirra sem starfa með börnum en þar er sérstaklega vikið að leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum og skólustjórum o. fl. ef grunur leikur á um hvers kyns ofbeldi eða vanrækslu. Tilkynningar sem koma frá fagstéttum eru undanskilin ákvæðum siðareglna fagstétta og njóta tilkynnendur ekki nafnleyndar vegna tilkynningar eins og almenningur á rétt til. Þar með lúta siðareglur annarra fagstétta í lægra haldi hvað varðar upplýsingaskyldu og trúnað í samskiptum við barnavernd (Barnaverndarlög nr.80/2002).

3.6 Meðferð máls

Ef rökstuddur grunur er fyrir hendi um að barni geti verið hætta búin vegna vanhæfni eða framferðis foreldra, ofbeldis, vanrækslu eða ef lífi ófæddis barns sé stefnt í hættu

ber barnaverndaryfirvöldum að hefja könnun máls í kjölfar tilkynningar. Barnaverndarnefnd í því umdæmi sem barnið hefur lögheimili fer með málið og skal taka afstöðu til málsins eigi síðar en að sjö dögum liðnum frá tilkynningu. Foreldrum er gert viðvart um könnun ef ríkir rannsóknarhagsmunir mæli ekki gegn því. Samkvæmt 21. gr. barnaverndarlaga ber barnaverndarnefnd „... einnig að staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningar“ (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

Við könnun máls er leitað eftir frekari upplýsingum um aðstæður barns og metin þörf fyrir úrræði í samræmi við þarfir og hagsmuni barnsins. Leitað er til þeirra sem geta gefið hvað gleggstar upplýsingar um andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl við nærkerfið, aðbúnað barns á heimili, hegðun og líðan þess og hagi foreldra. Einnig er leitað eftir upplýsingum um skólagöngu barns sem grunnskólanum ber að láta í té (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

3.7 Gerð áætlana

Að lokinni könnun máls ber starfsmanni sem fer með málið að gera grein fyrir niðurstöðum könnunar í greinargerð. Þar skal koma fram hvaða úrbóta er þörf ásamt þeim tillögum sem starfsmaður leggur til um heppileg úrræði. Ef beita þarf sérstökum úrræðum á starfsmaður í samvinnu við foreldra og barn sem náð hefur 15 ára aldri að gera skriflega áætlun um frekari meðferð málsins. Jafnframt skal hafa samráð við yngra barn eftir aldri þess og þroska. Áætlanir eru gerðar til ákveðins tíma í senn og endurmetnar eftir þörfum. Samkvæmt 23. grein barnaverndarlaga á starfsmaður að meta hvort þörf er á samstarfi við aðra aðila svo sem leik- og grunnskóla við gerð áætlana og er þá sértaklega horft til þeirra er vinna með málefni barnsins. Þar kemur einnig fram að ef starfsmaður sem fer með mál viðkomandi barns telur að hagsmunir barnsins kalli á samstarf við þessa aðila ber þeim að leggja áherslu á að fá samþykki foreldra fyrir því. Barnaverndaryfirvöld leggja áherslu á samstarf við foreldra og barn að teknu tilliti til aldurs þess og þroska og meta hvort samstarf við fleiri aðila þjóni hagsmunum barnsins (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

4 Grunnskólinn

Skólaskylda barna er frá sex til 16 ára aldurs og er öllum sveitarfélögum skylt að veita barni sem hefur lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi skólavist. Starfsfólk skólans, foreldrar og forráðamenn og nemendur skipa skólasamfélagið og áhersla er á að allir aðilar þess komi að stefnumótun um námið og félagslega vellíðan (Menntamálaráðuneytið, 2006a).

Samkvæmt 19. gr. laga um grunnskóla nr. 91/ 2008 bera foreldrar „...ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu í samvinnu við barnið og kennara þeirra. Hlutverk grunnskólans er að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Árin sem varið er í grunnskóla eru afar mikilvæg á mótunarskeiði barns og því mætti ætla að grunnskólinn spili ásamt foreldrum veigamikil hlutverk í lífi þess. Samábyrgð heimilis og skóla þarf að vera til staðar, gagnkvæmt traust og samvinna milli forráðamanna barna og grunnskólans svo samvinnuverkefnið verði sem árangursríkast (Menntamálaráðuneytið, 2006a). Eins á grunnskólinn að láta sér annt um velferð barna er hann stunda og leggja sitt af mörkum er kemur að því að hlúa að uppeldisskilyrðum. Í 2. gr. laga um grunnskóla er kveðið á um að markmið grunnskólans sé að „...stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda“ (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

4.1 Lagalegt hlutverk grunnskólans

Hlutverk grunnskóla nær yfir bóklegt, félagslegt og samfélagslegt nám. Skólinn, í samvinnu við heimilin á „...að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í stöðugri þróun“ (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér hæfni sem býr þá undir frekara nám að grunnskóla loknum (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2011). Starfshættir eiga að mótast af umburðarlyndi, kristinni arfleifð, jafnrétti, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu manngilda. Hlutverk grunnskólans er því afar mikils virði þegar kemur að forvörnum og alhliða líðan barns. Eins er bent á að barnið ver mestum tíma sínum innan veggja skólans og myndar félagsleg tengsl við aðra nemendur. Skólinn á jafnframt að stuðla að

góðu samstarfi við foreldra eða forsjáraðila barna sem hann sækja. Þá á grunnskóli að haga störfum sínum í sem fyllsta samræmi við þarfir nemenda og stöðu þeirra ásamt því að þjálfa og efla hæfni þeirra til samstarfs við aðra. (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Því má ætla að lög um grunnskóla byggji á þeim viðhorfum sem gilda í sambandi við velferð og alhliða þroska barns. Grunnskólalög hafa svipuð markmið og barnalög nr. 76/2003. Að huga að almennri velferð og þroska barnsins með réttindi þess að leiðarljósi.

Í 13. gr laga um grunnskóla segir að barn eigi rétt til að njóta náinnar umsjár kennara. Umsjónarkennari á að fylgjast vel með þroska og námi nemenda, vera meðvitaður um líðan þeirra og velferð og jafnframt ráðleggja þeim í persónulegum málum. Þessi grein endurspeglar réttindi barnsins og þá vernd sem samfélagið hefur uppá að bjóða. Lagt er í hendur umsjónarkennara og starfsfólks skólans að vera mikilvægur liður í barnaverndarstarfi. Starfsfólk skólans og kennarar fá í starfi sínu mikið af upplýsingum um hagi barna, bæði í frásögnum frá fyrstu hendi og í gegnum atferli þeirra, líðan og almennan aðbúnað. Kennarar og starfsfólk eiga möguleika á að kynnast börnunum vel og ættu þá að verða vör við ef eitthvað bjátar á (Anni Haugen, 2009). Það er jafnframt bundið ríkri þagnarskyldu varðandi það sem gerist innan veggja skólans, og varir þagnarskyldan eftir að látið er af störfum (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Grunnskólar sinna samstarfi við ýmsa sem koma að velferð barna og má þar nefna heilsugæslu, félagsþjónustu, leikskóla og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Skólastjórar eiga, lögum samkvæmt að setja á stofn nemendaverndarráð til samræmingar á störfum þeirra sem sjá um málefni nemenda varðandi sérfræðiþjónustu, námsaðstoð og heilsugæslu (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Líta má svo á að starfsemi nemendaverndarráða sé vettvangur grunnskólans til að sinna sínum skyldum um almenna velferð barna. Þar koma á borð einstaklingsmál sem tekin er ákvörðun um hvort vísa eigi til barnaverndar. Í 17. gr. barnaverndarlaga er vikið að tilkynningaskyldu fagstétta sem vinna með börnum en hverjum þeim sem verður var við í starfi að „...barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart“ (barnaverndarlög nr. 80/2002).

4.2 Forvarnir

Samkvæmt Íslenskri orðabók stendur hugtakið forvörn fyrir ráðstöfun til að koma í veg fyrir sjúkdóma, slys eða önnur áföll (Íslensk orðabók e.d.). Meginmarkmið forvarna er að hindra, tefja og draga úr neikvæðum afleiðingum á líf einstaklings og er helsti markhópur forvarna börn og unglingar. Skipta má forvörnum niður í sértækar forvarnir annars vegar og almennar forvarnir hins vegar. Sértækar forvarnir beinast að ákveðnum áhættuhópi þar sem ákveðnir áhrifaþættir liggja fyrir. En almennar forvarnir snúa að siðum og venjum samfélagsins og endurspeglast í lögum og reglum þess (Árni Einarsson, 2001).

Með markvissu forvarnarstarfi er unnið gegn áhættuþáttum með styrkingu á verndandi þáttum. Áhættuþættir eru skilgreindir sem áhrifabreyta sem hefur forspárgildi fyrir auknum líkum á neikvæðri útkomu (Mash og Wolfe, 2010). Til dæmis eru börn sem upplifa litla athygli frá foreldrum sínum eða jafnvel vanrækslu líklegri til að sýna af sér andfélagslega hegðun. Þær niðurstöður endurspeglast í langtímarannsókn sem gerð var í London á 400 drengjum. Rannsóknin stóð yfir frá átta ára aldri drengjanna til 32 ára aldurs. Þeir sem upplifðu afskiptaleyfi frá foreldrum sínum við upphaf rannsóknar voru líklegri til að verða dæmdir fyrir afbrot síðar á rannsóknartíma (Farrington, 1990). Til að hægt sé að auka tækifæri til farsældar barns er forvarnargildi beint að því að draga úr áhættuþáttum og auka verndandi þætti (Mash og Wolfe, 2010).

Bandaríkin búa yfir fjölda samtaka sem hafa það að markmiði að vinna að forvörnum í barnæsku. Sérstaklega er einblínt á félagslega illa stæðar fjölskyldur og fátækt með það í huga að inngrip verði á þeim tíma sem barnið er móttækilegast fyrir því. Notast er við færníkennslu og vitsmunalega eflingu sem hefst strax á leikskólaaldri (Farrington og Welsh 2003; Lösel og Beelmann, 2003, 2006). Námsinngrip í barnæsku eru hugsuð til að gefa börnum jöfn tækifæri til vitsmunalegrar örvunar jafnt sem eflingu á færni. Duncan og Magnusson (2004) benda á að foreldrar barna eru mis líklegir til að veita slík tækifæri og því mikilvægt að koma auga á þá sem þurfa á að halda. Meginmarkmið þessara verkefna eru að auka skólafærni, vitsmunalega færni og jafnframt að örva félags- og tilfinningalegan þroska (Currie, 2001).

Samkvæmt lögum um grunnskóla eiga allir skólar að koma sér upp forvarnaráætlun og skal hún birt í skólanámskrá. Þar á að koma fram hvernig skuli

standa að fíknivörnum og vörnum gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi ásamt því hvernig skólasamfélagið ætlar að bregðast við, komi upp slík mál í skólanum. Einnig þarf að vera til staðar eineltisáætlun þar sem vinnulag er kynnt og hverjir innan skólans komi að vinnslu eineltismála. Forvarnaráætlun skal vera aðgengileg og kynnt öllum aðilum skólasamfélagsins sem eru nemendur, forráðamenn og starfsfólk skólans (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Í aðalnámsskrá grunnskólanna segir jafnframt „...Ef foreldrar og forráðamenn nemenda í bekk eða skóla ná að stilla saman strengi hvað varðar meginviðmið í uppeldismálum aukast líkur á árangri í skólastarfinu, bæði hvað varðar námsárangur og almenna velferð nemenda“ (Menntamálaráðuneytið, 2006a)

4.3 Hlutverk kennara

Hlutverk kennara hefur breyst mikið á síðastliðnum 20 árum. Esteve (2000) telur ástæðuna vera þjóðfélagsbreytingar í heiminum. Nýrra viðmiða, gildia og endurmenntunar er þörf vegna vandamála sem rekja má til félagslegra, tæknilegra og siðferðislegra breytinga. Áður fyrr var nemendahópurinn einsleitari og störf kennara snéru einungis að bóknámi. Í dag er hlutverk kennara yfirgrípsmeira og nær yfir allt sem kemur að námi einstaklings andlega, félagslega og námslega (Esteve, 2000). Erlendir fræðimenn telja að hlutverk umsjónarkennara felist í að vera vakandi fyrir líðan nemenda og velferð. Kennarar geta veitt börnum stuðning í námi og trúnaðarmenn þeirra sem einhverra hluta vegna líður ekki vel. Þeir geta verið trúnaðarvinir umsjónarbarna sinna en eru jafnframt ábyrgðarmenn fyrir velferð þeirra og þurfa að beina málum til barnaverndar hafi þeir verulegar áhyggjur (Gilligan, 2003; Sadovnik, Cookson og Semel, 2001; Walls og Farrell, 2008). Ábyrgð kennara er að hafa augun opin fyrir því sem gæti gefið upplýsingar um vanlíðan nemenda (Gilligan, 1998). En börn sem búa við ofbeldi á heimili eru líklegri en önnur til að eiga við náms- og tilfinningaörðugleika sem getur brotist út sem kvíði, reiði eða þunglyndi (Kolar, 2007).

Mikilvægt er að kennarar fái þjálfun í að koma auga á og meðhöndla þá vitneskju sem þeir verða varir í starfi sínu um óviðunandi uppeldisskilyrði barna (Webb og Vulliamy, 2001). Menntamálaráðuneytið og félag fagfólks í frítímanum stendur fyrir námskeiðinu *Verndum þau* - námskeið um ofbeldi gegn börnum og unglíngum. Það er sérstaklega ætlað starfsfólki leik- og grunnskóla, íþróttafélaga og æskulýðsfélaga en stendur opið öllum þeim sem áhuga hafa á málefnum og vilja kynna sér viðfangsefnið

nánar. Á námskeiðinu fer fram fræðsla um ofbeldi og vanrækslu, skyldur og ábyrgð þeirra er starfa með börnum. Áhersla er lögð á að fólk sé meðvitað og geti lesið í vísbendingar um að barn verði fyrir ofbeldi eða vanrækslu (Menntamálaráðuneytið, 2006b).

4.3.1 Samstarf heimilis og skóla

Samkvæmt grunnskólalögum er það á ábyrgð grunnskólans að stuðla að samstarfi milli heimilis og skóla. Ábyrgð foreldra er að fylgjast með námi barna sinna og hagsmunum og eiga þeir rétt á upplýsingum um skólagöngu og skólastarf barnsins. Samstarf heimilis og skóla er mismikið milli fjölskyldna en samtök Heimilis og skóla hvetja til aukinnar þátttöku foreldra í skólastarfi.

Rannsóknir hafa sýnt að samstarf foreldra og grunnskóla hefur ávallt jákvæð áhrif á skólastarf. Áhugi kennara á námi nemenda sinna og stuðningur frá foreldrum skilar sér í betri líðan nemenda og bættri námsframmistöðu. Samstarf heimilis og skóla þarf að byggja á gagnkvæmri virðingu, trausti, samábyrgð og gagnkvæmu upplýsingaflæði. Samstarfið einkennist af verkaskiptingu sem er byggð á samkomulagi um verkefni og skyldur þeirra er að koma (Epstein, J.L. 1995). Rannsóknir sem gerðar hafa verið á samskiptum heimilis og skóla hafa sýnt að skólar geti virkjað nær alla foreldra til samstarfs og að flest allir nemendur, kennarar og foreldrar telja að samstarf sé mikilvægt í stuðningi við nemendur (Bloom, B.S, 1986).

Fræðimenn benda á að allir skólar þurfi að móta samstarf sem mæti þörfum nemenda, getu þeirra, áhuga og aldri. Hvert skólasamfélag hefur ákveðna sameiginlega þætti sem hægt er að vinna með. Ein þeirra Joyce L. Epstein (1995) hefur sett fram flokkunarkerfi til að koma á auknum samskiptum heimilis og skóla. Hún bendir á að flokkunarkerfið sé ekki einungis til þess fallið að bæta námsárangur nemenda heldur jafnframt að bæta viðhorf foreldra, kennara og nemenda til samstarfs. Hún telur sameiginlega þætti vera uppeldi, samskipti, sjálfboðastarf, heimavinna, ákvarðanatoka og samvinna við samfélagið. Þessir sex þættir fela í sér mismunandi form samskipta og viðfangsefna og skólinn þurfi að greiða úr þeim til að ná fram samstarfi. Uppeldi: Að skólinn fylgist með þörfum nemenda, líkamlega og andlega. Skólinn gegnir fræðsluhlutverki til foreldra um almennar þarfir barna og mikilvægt er að ná samstöðu um megingildi þeirra. Samskipti: Að upplýsingamiðlun milli heimilis og skóla sé öflug á

gagnkvæman hátt. Skólinn þarf að finna leiðir til að virkja foreldra til þátttöku á foreldrafundum og öðrum atburðum skólans og að koma á tvíhliða samskiptaferli milli skóla og heimilis. Hvetja foreldra til að miðla til skólans mikilvægum upplýsingum er varða barnið til dæmis um breyttar aðstæður og áföll sem barnið verður fyrir auk bakgrunnsupplýsinga. Sjálfboðastarf: Að fá foreldra sem sjálfboðaliða og auka þannig virkni þeirra og sýnileika í skólasamfélaginu. Heimavinna: Að kennarar samstillta heimavinnu eftir þörfum nemenda, fræði foreldra um mikilvægi heimanáms og kenni þeim aðferðir við að aðstoða börn sín við nám heima fyrir. Einnig er mikilvægt að foreldrar og nemendur fái að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum er varða námsefni barnsins. Ákvarðanataka: Að virkja foreldra til frekara samstarfs við ákvarðanatöku. Til dæmis getur skólinn eða foreldrafélag boðið foreldrum upp á námskeið og fræðslu sem örva og styrkja foreldra til þátttöku í starfi foreldrafélags. Samvinna við samfélagið: tenging skóla við nærsamfélagið svo sem féлага- og æskulýðssamtök getur verið mikilvægur liður svo barnið öðlist betri skilning á samfélaginu sem það tilheyrir. Skólinn þarf að upplýsa fjölskyldur um námskeið og þá þjónustu sem er í boði sem gætu nýst nemendum og foreldrum (Epstein, 1995).

5 Réttindi barns og foreldra

Frá upphafi 20. aldar hefur íslensk löggjöf tekið miklum breytingum. Alþjóðasamningar á borð við samning Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnómálaleg réttindi nr. 10/1979 eru sprotnir upp frá hugmyndum um jafnrétti og rétt til að hafa áhrif og þar með íhlutun í eigin málefnum. Barnasáttmálinn hefur gefið börnum rödd og eiga þau lagalegan rétt til samráðs með tilliti til aldurs og þroska þeirra (Anni G. Haugen, 2010).

Það er af sem áður var þegar börn voru álitin vinnuafli og smærri útgáfa af fullorðnum og hafa réttindi barna á Íslandi einnig tekið stakkaskiptum. Í íslenski löggjöf hafði eitthvað verið komið inn á réttindi barna víðsvegar í lögum en þau fyrstu sem hægt væri að tengja við réttindi sem slík voru lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna nr. 57/1921. Þar á eftir komu lög nr. 87/1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (Davíð Þór Björgvinsson, 1995). Fyrstu lög sem tóku mið af vernd barna voru lög um barnavernd nr. 43/1932. Yfirumsjón með starfi barnaverndarnefnda var í höndum barnaverndarráðs sem var skipað til fjögurra ára í senn. Barnaverndarráð var skipað þremur mönnum og var formaður skipaður af ráðherra, einn tilnefndur frá Prestafélagi Íslands og sá þriðji frá Kennarafélagi Íslands. Frá því skipulagt skólastarf hófst héraendis hafa skólamenn gegnt mikilvægu hlutverki í starfsemi barnaverndar (Lýður Björnsson 1979; Lög um barnavernd nr. 43/1932). Í lögum um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 var fyrst getið um að íhlutun ætti að miðast við hag barnsins og vera því fyrir bestu. Engin heildstæð löggjöf var til sem tók eingöngu til réttinda barna. Úr því var bætt árið 1981 með barnalögum nr. 9/1981 en við gerð þeirra voru gerðar þó nokkrar breytingar frá fyrri lögum. Engu að síður voru lögin endurgerð og urðu að barnalögum nr. 20/1992, og féllu því fyrri lög úr gildi (Davíð Þór Björgvinsson, 1995). Barnalög nr. 76/2003 með áorðnum breytingum fjalla um réttindi barna. Allar breytingar sem gerðar hafa verið eru til þess fallnar að standa vörð um réttindi barnsins og hefur verið haldið utan um þau í hraðri breytingu nútímasamfélagsins.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var undirritaður á Íslandi árið 1990 og fékk hann fullgildingu árið 1992. Með fullgildingu er átt við að Ísland sé nú skuldbundið til að uppfylla ákvæði sáttmálans. Samt sem áður þurftu íslensk stjórnvöld að gera breytingar

á lögum svo hægt væri að lögfesta samninginn (Umboðsmaður barna, Barnaheill og UNICEF á Íslandi, e.d.). Skortur er á að þær áætlanir sem gerðar hafa verið í málefnum barnaverndar, barna og fjölskyldufólks séu nýttar svo þær skili sér til barna landsins. Umboðsmaður barna hefur kallað eftir heildarstefnu í málefnum barna og barnafjölskyldna og telur núverandi stefnur ekki nógu skýrar hjá stjórnvöldum landsins og ekki hafa öll sveitarfélög slíka stefnu (Barnaheill, Save the children á Íslandi og UNICEF á Íslandi, 2011). Barnasáttmálinn var loks lögfestur á Íslandi þann 20. febrúar 2013 með samþykki allra þingmanna. Þar með varð sáttmálinn grundvöllur að stefnumótun málefna barna og styrkum stoðum rennt undir réttindi þeirra á Íslandi (UNICEF á Íslandi, 2013.)

Ramma að velferð og réttindum barna má finna í barnalögum og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Barnaverndarlög eiga hinsvegar við þrengri skilgreiningu á barnavernd og eru þau helsti stuðningur starfsmanna barnaverndar við úrvinnslu mála (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

5.1 Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Hugtakið mannréttindi vísar til grundvallarréttinda borgara og er stjórnarskrárvarinn réttur í flestum lýðræðisríkjum. Í hugtakinu felst að ríkisvaldið grípi til lagasetninga svo tryggt verði að mannréttindi þegnanna séu virt. Friðhelgi einkalífs og meðferð persónuupplýsinga teljast til helstu mannréttinda og er stjórnvöldum óheimilt að skerða þau réttindi nema brýn nauðsyn krefji er varða almannheill. Samkvæmt skilgreiningu fræðimanna á hugtakinu einkalíf nær það yfir fjölskyldu og heimili ásamt öllu því er varða persónulega hagi manns (Gunnar G. Schram, 1999).

Á Íslandi er friðhelgi einkalífsins varið með lagabókstaf. Í lögum um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 er kveðið á um rétt hvers persónu til friðhelgi í einkalífi, fjölskyldu, heimilis og fleira. Stjórnvöld eiga ekki að ganga á þennan rétt nema nauðsyn krefji vegna almannaheilla, þjóðaröryggis, til verndar siðgæði og heilsu manna, réttindaskerðingu og frelsi annarra. Eins leggja lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr.77/2000 áherslu á að með slíkar upplýsingar sé farið eftir þeim grundvallarsjónarmiðum. Hinsvegar eiga aðilar máls rétt á aðgangi að gögnum um eigin mál og hafa vald til þess að ákveða sjálf hvert þau gögn fara að því undanskildu að viðkomandi ætli að notfæra sér vitneskju úr þeim stríði það gegn mun ríkari almanna-

eða einkahagsmunum. (Barnaverndarlög nr. 80/2002; Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000; Stjórnsýslulög nr. 37/1993;).

Eins og fullorðnir eiga börn rétt til friðhelgi einkalífs. Þau eru sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi. Börn eru þó ekki í sömu stöðu og fullorðnir að því leyti að þau ráða sér ekki sjálf og eiga erfitt með að gæta eigin mannréttinda. Foreldrar eða aðrir umsjónarmenn þurfa að taka ákvarðanir fyrir þau til dæmis er varða barnaverndarmál en haft er samráð við þau með teknu tilliti til aldurs og þroska (Ragnheiður Thorlacius, 2003). Í barnaverndarmálum er mikið lagt upp úr því að farið verði með mál lögum samkvæmt og öll meðferð upplýsinga í samræmi við trúnaðarskyldu barnaverndaryfirvalda (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

6 Samstarf í barnavernd

Viðhorf til samstarfs hefur tekið miklum breytingum í takt við aðrar þjóðfélagsbreytingar. Viðhorf sem áður þekktust í barnaverndarstarfi tóku lítið mið af samvinnu við foreldra. Álitið var að börnum væri best borgið hjá óskyldum aðilum ef foreldrum tókst illa til í forsjárhlutverkinu (Saint-Jacques, Drapeau, Lessard og Beaudoin, 2006). Slík viðhorf eru barns síns tíma og leggja nú barnaverndaryfirvöld áherslu á samvinnu við foreldra og börn, í leið að árangursríkri og farsælli lausn mála (Barnaverndarstofa, 2006). Einnig er lögð meiri áhersla nú en áður á stuðning við fjölskylduna í heild, koma auga á styrkleika hennar og útfrá umhverfi barnsins (Noble, Perkins og Fatout, 2000).

Viðhorfsbreyting hefur átt sér stað er kemur að þátttöku barna í eigin málum sem eru til meðferðar hjá barnaverndaryfirvöldum. Samningur sameinuðu þjóðanna um réttindi barns hefur rennt styrkum stoðum og verið grundvöllur stefnumótunar í réttindamálefnum barna (UNICEF á Íslandi, 2013). Samningurinn hefur jafnframt styrkt réttindi barnsins til tjáningar og að tekið sé mið af þeirra skoðunum í samræmi við aldur og þroska við vinnslu mála (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005).

Flestum foreldrum þykir erfitt að barnavernd hafi aðkomu að málefnum þeirra og þá sérstaklega foreldrum sem ekki hafa óskað eftir því. Í slíkum tilvikum geta foreldrar upplifað afskipti barnaverndar sem ákveðna ógn sem rakin er til lítillar þekkingar á starfsemi stofnunarinnar. Fram kom í rannsókn Anni Haugen (2012) Gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarstarfi, að foreldrar og börn höfðu litla þekkingu á starfseminni áður en íhlutun hófst. Þar af leiðandi upplifðu einhverjir óöryggi og hræðslu því fyrirfram mótaðar hugmyndir um starfsemi barnaverndar voru þær að barnavernd hefði einungis afskipti af foreldrum sem vanræktu börn sín, beittu þau ofbeldi eða börnum sem áttu foreldra í óreglu (Anni G. Haugen, 2012).

Barnaverndaryfirvöld eiga samstarf við ýmsa aðila sem sinna málefnum og velferð barna. Sjúkrastofnunum á borð við geðdeildir eða áfengismeðferðarstofnunum ber að leita ráða hjá barnaverndaryfirvöldum þegar tekin skal ákvörðun um meðferð og innlagn foreldris og ætíð ganga úr skugga hvort það þjóni hagsmunum barnsins.

Lögreglu ber einnig að hafa samvinnu við barnaverndaryfirvöld ef mál barna kemur til kasta þeirra (Barnaverndarlög nr. 80/2020).

Barnaverndaryfirvöld beita ýmsum úrræðum sem fara eftir eðli máls hverju sinni. Form úrræða eru margvísleg og mismikil inngrip af hálfu barnaverndar til að mynda sálfræðiviðtöl, Barnahús, Fjölkjerfameðferð (MST), meðferðarheimili, vistheimili og fósturráðstafanir (Barnaverndarstofa, 2014).

6.1 Samstarf barnaverndar og foreldra

Ein mikilvægasta forsenda til samstarfs í barnaverndarmálum er að félagsráðgjafinn sem fer með málið sýni foreldrum og barni fyllstu nærgætni og virðingu. Vandasamt er að skapa það traust sem nauðsynlegt er að ríki milli aðila máls og skiptir þar trúnaður höfuð máli. Skilgreina þarf vel í hverju samvinnan felst og hvert sé hlutverk hvers og eins (Slettebø og Seim, 2007; Holland 2004). Holland (2004) bendir á að samkomulag foreldra, barna og félagsráðgjafans um ástæður erfiðleikanna og stuðning sem nauðsynlegt sé að veita geti haft veruleg áhrif á hvernig til tekst í meðferð málsins.

Valdaójafnvægi er einn áhrifavaldur í farsælu samstarfi en sá sem upplifir sig áhrifa- og valdalausán fæst síður til þess að hafa áhrif á eigið líf með samvinnu (Warren, 2007). Holland (2004) útskýrir hvað felst í ólíkri valdastöðu starfsmanns barnaverndar, foreldra og barna. Hún segir starfsmann barnaverndar engin réttindi hafa en á sama tíma vald og ábyrgðarhlutverk gagnvart barninu. Foreldrar hafa ekki vald, einungis réttindi og ábyrgðarskyldur en barnið hefur hvorki vald né ábyrgð en það á sín réttindi (Holland, 2004).

Eins og fram hefur komið er barnið ávallt í forgrunni í meðferð máls. Ólíkir þættir í lífi barnsins eru greindir með það að markmiði að koma auga á þá styrkleika sem bæði það sjálft og nánasta umhverfi hefur. Samkvæmt vistkerfiskenningu Bronfenbrenners (1979) hefur nánasta nærumhverfi barns svo sem fjölskylda, skóli, leikskóli og vinir mestu áhrifin í þroskaferli barns (Berk, 2007; Bronfenbrenner, 1979; Lightfoot, Cole og Cole, 2008).

Þegar talað er um foreldra er átt við þá sem fara með forsjá barns og það hefur heimili hjá (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Ýmsir fræðimenn hafa bent á að samheitið foreldri eigi við bæði móður og föður og því ekki hentugt til notkunar. Í stað þess ætti

frekar að fjalla um móður annars vegar og föður hinsvegar vegna ólíkrar stöðu hvors annars í uppeldi og umönnun barns. Þannig verði þáttur hvors um sig sýnilegur (Daniel, Featherstone, Hooper og Scoufield, 2005). Scourfield (2003) bendir á að orðið foreldri eigi oftast við um móður í barnaverndarmálum og því sé hlutverk feðra hunsað (Scourfield, 2003).

Mikilvægt er fyrir starfsmann sem fer með mál að ganga úr skugga um hver fer með forsjá barnsins, meðal annars vegna þess hve algengara er nú til dags að báðir foreldrar fari með forsjá þó þeir haldi ekki sama heimili (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Samkvæmt ákvæðum barnalaga nr. 76/2003 er réttarstaða forsjáforeldra ekki sú sama eftir því hjá hvoru foreldri barnið hefur lögheimili. Starfsmaður verður fyrst og fremst að leita eftir samstarfi við það foreldri sem heldur sama lögheimili. Forsjárlausir foreldrar hafa engan lagalegan rétt til íhlutunar í barnaverndarmálum án leyfis forsjáforeldris. Þeir hafa rétt til að leita eftir munnlegum upplýsingum um barnið og þurfa að bera sig eftir þeim upplýsingum sjálfir. Forsjárlaust foreldri hefur engan rétt til upplýsinga um hagi forsjáforeldris og á ekki aðgang að skriflegum gögnum um málið. Hinsvegar skal barnaverndarnefnd alltaf leita eftir samstarfi við forsjárlaust foreldri ef ráðstöfun barns er utan heimilis þess svo sem fóstur eða meðferðarheimili. Eins skal kanna grundvöll fyrir að forsjárlaust foreldri taki við forsjá barnsins ef til dæmis forsjáforeldri er ekki í stakk búíð að sinna því ábyrgðarhlutverki sem forsjáin er og hefur verið svipt forsjá yfir barninu. Forsjársvipting kemur til ef mikil hætta ógnar högum barnsins sökum þess að foreldri og barnavernd nái ekki samstarfi og önnur vægari úrræði hafi verið fullreynd (Barnalög nr. 76/2003; Barnaverndarlög nr. 80/2002). Starfsmaður þarf að skoða vel tengsl barnsins við forsjárlaust foreldri vegna mögulegs samstarfs á ólíkum stigum málsins. Ef barnavernd telur að samstarf við forsjárlaust foreldri sé jákvæður liður í stuðningi við barnið, svo sem í áætlanagerð eða við könnun máls leitar starfsmaður eftir samþykki forsjáraðila til þess. Í tilvikum þegar foreldrar hafa verið sviptir forsjá fer barnaverndarnefnd með forsjá barnsins og getur ráðstafað því í fóstur (Barnaverndarlög nr. 80/2002, Barnaverndarstofa, 2006).

Í upphafi máls eiga barnaverndarstarfsmenn að ræða um samvinnu en jafnframt að benda á þær aðstæður sem gætu komið í veg fyrir samstarf ef tryggja á öryggi barnsins. Samstarfið felst í að upplýsa foreldra um rétt sinn, hlusta á foreldra og taka

tillit til skoðana þeirra svo lengi sem þær þjóni hagsmunum barnsins (Barnaverndarstofa, 2006). Í ferli þar sem svo viðkvæm málefni sem barnaverndarafskipti eru, má ætla að mikilvægt sé að það skapist traust milli foreldra, barna og félagsráðgjafans sem fer með málið. Áhersla er á að allir aðilar máls haldi sjálfsvirðingu sinni og verður félagsráðgjafinn að koma í veg fyrir að foreldrum finnist þeir auðmýktir (Sandbæk, 2001). Foreldrar og börn verða að geta treyst því að málefni þeirra rati ekki í ókunnar hendur og að félagsráðgjafinn sé þeim til stuðnings og vinni jafnframt með fjölskyldunni í heild. Því má segja að trúnaðarskylda barnaverndaryfirvalda sé mikilvægur liður í sköpun árangursríks samstarfs sem leiðir til farsælla lausna fyrir barnið og fjölskylduna í heild.

Eins og rætt hefur verið um eiga barnaverndaryfirvöld að leita eftir samstarfi við könnun máls og áætlun um meðferð sem er alla jafna unnin í samvinnu við foreldra að undanskildum hindrunum sem upp geta komið. Meginregla laganna um samvinnu er því ekki algild og hefur barnaverndin heimild til að leita ekki eftir samstarfi sökum eðli málsins. Eins ef starfsmaður metur svo að barni sé meiri hættu búin ef foreldrar fá vitneskju um að mál barnsins sé í könnunarferli hefur hann leyfi til að hefja könnun án þess að greina foreldrum frá því (Barnaverndarlög nr 80/2002). Aðrar hindranir í samstarfi geta verið alvarleg þroskahömlun foreldra en þá þarf að meta hvort fenginn yrði aðstoðarmaður sem hefur reynslu í vinnu með þroskaskertum, eins er farið ef foreldrar eru mál og/eða heyrnarskertir. Erlendir foreldrar hafa rétt til aðstoðar tólks í meðferð mála (Barnaverndarstofa, 2006).

Allt samstarf Félagsráðgjafans við foreldra þarf að byggja fyrst og fremst á þörfum og hagsmunum barnsins. Starfsmaður þarf ávallt að hafa barnið í forgrunni allt frá ákvörðun um að hefja skuli könnun máls og til enda. Oftast nær eru fundnar lausnir þar sem foreldrar geta þurft að læra nýjar aðferðir í umönnun barnsins og eru í aðalhlutverki hvað varðar að veita barninu stuðning. Óskir og hagsmunir foreldra geta þó verið á skjön við hagsmuni barnsins og þurfa þeir ef til vill að takast á við eigin vanda. Ef foreldrar eru ekki tilbúnir til að taka á sínum vandamálum svo sem vímuefnaneyslu getur það hindrað að barnið njóti öryggis í þeirra umsjón (Barnaverndarstofa, 2006).

Rannsóknir hafa sýnt að börn og foreldrar telji samskipti sín við félagsráðgjafann sem fer með málið skipta mestu máli í öllu ferli barnaverndarmáls. Félagsráðgjafi sem

sýnir þeim virðingu, næmni og samkennd eiga auðveldara með að mynda traust og tekst þannig að draga úr ótta forráðamanna barnsins við kerfið (Buckley, Carr og Whelan, 2011; Forrester, Kershaw, Moss og Huges, 2008; Schjelderup, Omre, Marthinsen, Horverak og Hyrve, 2005). Upplýsingagjöf hefur einnig áhrif á myndun trausts og valdeflingu foreldra og barna þar sem þau fá upplýsingar um hlutverk sitt við framgang áætlunnar, hvað sé að gerast, markmið og hvaða leiðir farið verður til að ná þeim (Saint-Jacques, Drapeau, Lessard og Beaudon, 2006). Fjölskyldusamráð er dæmi um starfsaðferð sem notuð er innan barnaverndar. Þar er áhersla lögð á virkt samstarf foreldra og barna þar sem þau hafa í samstarfi við félagsráðgjafann möguleika á því að finna leiðir til úrbóta. Reynsla foreldra af fjölskyldusamráði er jákvæð (Einarsson, 2002).

Vistfræðikenning Bronfenbrenners (1979) styður þessa nálgun en fjölskyldan hefur mestu áhrifin á líf barns og því mætti ætla að samstarf við foreldra skipti höfuð máli til verndar hagsmuna þess. Einnig kenning um valdeflingu og notendasamráð en þeir sem upplifa að þeir hafi eitthvað um málið að segja og tekið sé tillit til þeirra skoðana eru líklegri til þátttöku

6.2 Samstarf barnaverndar og grunnskóla

Í barnaverndarlögum er áhersla lögð á að barnaverndaryfirvöld leiti eftir samstarfi við foreldra og börn og meta hvort það þjóni hag barnsins að koma á á samstarfi við aðrar stofnanir, til dæmis grunnskóla. Grunnskólar gegna mikilvægu hlutverki í samstarfi við barnaverndaryfirvöld bæði vegna tilkynningaskyldu og upplýsingagjafar þegar einstök mál eru könnuð. Samstarf stofnananna á sér lagastoð bæði í barnaverndarlögum og lögum um grunnskóla en hvergi er farið nánar út í verklagshætti. Allt samstarf, að lokinni könnun máls er háð leyfi foreldra og barns að teknu tilliti til aldurs og þroska þess. Upplýsingar sem barnavernd aflar við könnun máls geta verið viðkvæmar og foreldrar ekki alltaf tilbúnir til að deila þeim með öðrum. Samkvæmt fyrrgreindum lögum um persónuvernd, lögum um friðhelgi einkalífs og barnaverndarlögum er barnavernd því ekki heimilt að deila gögnum með grunnskóla án leyfis foreldra.

Kennarar og félagsráðgjafar þurfa að vera meðvitaðir um þau kerfi í lífi barns sem hafa áhrif á hegðun þess heima fyrir, í skólum og frístundum. Þau kerfi í kringum barnið sem Bronfenbrenner (1979) talar um, foreldrar, skóli og umhverfi auk fleiri kerfa

eiga stóran þátt í félagsmótun barnsins og móta skynjun þess á heiminum (Sadovnik, Cookson og Semel, 2001)

Í rannsókn Gerðar Sifjar Stefánsdóttur (2011) á samstarfi grunnskóla og barnaverndar frá sjónarhorni skólastjórnenda kom fram að skólastjórnendur væru frekar ánægðir með samstarf. Samt sem áður taldi meirihluti þátttakenda að það væri frekar einhliða og óskuðu eftir auknu samstarfi. Skólastjórnendur töldu upplýsingaflæði ábótavant frá barnavernd til grunnskólanna um framvindu málsins hjá barnavernd. Þessar niðurstöður gefa til kynna að skólastjórnendur vilja aukið vægi í samstarfi við barnavernd og möguleika á frekari íhlutun. Þessar niðurstöður eru í samræmi við bandaríska rannsókn á samstarfi en hún sýndi auk þess að félagsráðgjöfum barnaverndar þótti starfsfólk grunnskólans of ágengt um upplýsingar sem barnaverndin hefði ekki lagaheimild til að veita sökum trúnaðar (Altshuler, 2003). Skólastjórnendur töldu þagnarskyldu barnaverndarstarfsmanna torvelda samstarf þeirra en 48% töldu þó þagnarskylduna af hinu góð til verndar hagsmunum barnsins. Misræmi getur þó komið upp milli grunnskóla og barnaverndar um það hvað teljist til trúnaðarupplýsinga. Rannsókn á trúnaðarskyldu barnaverndarstarfsmanna og hvaða áhrif hún hefði á samstarf við grunnskólann benti til þess að starfsfólk grunnskóla taldi upplýsingar um hvort mál væri í gangi hjá barnavernd eða að máli væri lokið ekki trúnaðarupplýsingar (Margrét Þórarinsdóttir og Sigurrós Ragnarsdóttir, 2010). Glenný og Roaf (2008) benda á að samstarf gangi betur ef hlutverk hvers og eins eru skilgreind og eru þá líklegri til að skila tilætluðum árangri (Glenný og Roaf, 2008). Það kemur í hlut starfsmanns barnaverndar að meta hvort það þjóni hagsmunum barns að grunnskólinn fái upplýsingar um barnið og fjölskyldu þess. Ef þeir meta málið þess eðlis að grunnskólinn þurfi að fá ákveðnar upplýsingar sem geta verið liður í að bæta stöðu barnsins verða þeir að leita fyrst eftir samþykki foreldra. Í sumum málum getur barnaverndarstarfsmaður metið sem svo að upplýsingagjöf til grunnskóla þjóni ekki hagsmunum barnsins (Gerður Sif Stefánsdóttir, 2011). Í öllu samstarfi barnaverndar og grunnskóla þarf að hafa í huga að barnavernd er ekki heimilt að veita samstarfsaðilum allar upplýsingar um mál vegna trúnaðarskyldu sinnar. Því þarf sérstaklega að ræða og gera samstarfsaðilum grein fyrir því að barnavernd er ekki heimilt að veita upplýsingar um framgang mála án leyfis foreldra (Barnaverndarstofa, 2006)

7 Viðhorf barna

Í ársskýrslu Barnaverndarstofu frá árunum 2012-2013 kemur fram að á árinu 2013 bárust barnaverndarnefndum 8615 tilkynningar. Þar af komu 6120 tilkynningar frá opinberum aðilum svo sem leik- og grunnskólum, heilbrigðisstarfsfólki eða lögreglu. Af heildarfjölda tilkynninga voru 2523 mál könnuð en aðeins hluti þeirra barna sem um ræðir þurfa á ráðstöfunum að halda að mati barnaverndarnefnda (Barnaverndarstofa, 2014).

Nýleg íslensk rannsókn á 14 og 15 ára ungmennum sýnir að af 3500 svarendum hafa 7% þeirra upplifað að vera vitni af líkamlegu ofbeldi á eigin heimili (Guðrún Kristinsdóttir, 2014). Það segir okkur að heimilisofbeldi sé til staðar og börn verða jafnvel vitni af því. Eins gefur könnun sem framkvæmd var fyrir tilstilli kvenna á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins um heimilisofbeldi sömu niðurstöður. Þar svöruðu þrjár af hverjum fjórum konum játandi um að barn hafi verið viðstatt síðasta ofbeldisverk (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010). Samanburður á erlendum rannsóknum hafa einnig sýnt að þau börn sem verða vitni af ofbeldi á heimili eru einnig líklegri til að vera vanrækt (Guðrún Kristinsdóttir, 2014).

Rannsóknir hafa einnig verið gerðar á upplifun barna af heimilisofbeldi og hvernig upplifun þeirra sé á viðmóti skólakerfisins. Í rannsókn Nönnu Þóru Andrésdóttur (2014) *Griðarstaður frá ofbeldinu - Líðan unglinga í skóla* voru átta viðmælendur af báðum kynjum á aldrinum 13-17 ára. Fram kom að þeir litu almennt á skólann sem griðarstað frá ofbeldi heima fyrir. Í frásögn eins drengs kemur fram að kennarinn hafi hjálpað honum með margt sem við kom lærdómnum en sagði að gott hefði verið að hún vissi ekki um heimilisaðstæður hans. Öðrum finnst skólinn og skólastjóri hafa brugðist sér, hann leitaði til skólastjóra með líðan sína en fékk þau skilaboð um að harka af sér. Stúlka segir að hana hafi langað að segja kennara sínum frá heimilisaðstæðum en fannst hún hvorki fá tækifæri né tíma til þess. Allir nema einn voru sammála um mikilvægi þess að eiga vini í skólanum en sá hafði útilokað sig frá öllum og læddist meðfram veggjum. Þessar niðurstöður eru ekki í samræmi við það vinnulag sem yfirvöld í menntamálum leggja upp með en börn eiga að geta leitað til starfsmanna skólans með mál af þessu

tagi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Erlend rannsókn Weinehall (2005) um reynslu og afleiðingar ofbeldis í tengslum við skólastarf sýndi einnig svipaðar niðurstöður. Viðmælendur Weinehall upplifðu skeytingarleysi og höfnun af hálfu skólans þegar reynt var að segja frá heimilisofbeldi og gátu ekki treyst á stuðning frá starfsmönnum skólans (Weinehall, 2005). Niðurstöður þessara rannsókna gefa tilefni til að velta því fyrir sér hvort skólakerfið sé að ráða við þá skyldu um alhliða velferð barna og að hlúa að uppeldisskilyrðum hvers barns eins og það á rétt til. Niðurstöðurnar gefa jafnframt til kynna að börn vilja segja frá ofbeldinu en þyki það erfitt ef enginn vill gefa þeim tíma og hlusta á þau.

Um leiðir til úrbóta sögðust meirihluti barna ofangreindra rannsókna vilja fá fræðslu um ofbeldi og vanrækslu. Viðmælendur Nönnu Þóru (2014) töldu allir að fræðsla gæti aukið skilning annarra barna og vildu að utanaðkomandi aðilar sjái um hana, ekki starfsfólk skólans. Einn viðmælandi talaði um að vilja fá tækifæri í lok fræðslunnar þar sem þolendur gætu átt spjall við þá sem sinntu fræðslunni. Í rannsókn sem gerð var í Sviss um það hvernig börn bregðast við og skilja heimilisofbeldi hváðu 61% unglinga vilja fá fræðslu um málefnið væri hún í boði (Seith og Böckman, 2006). Sömu niðurstöður er einnig að finna í breskri rannsókn á skilningi barna og unglinga á heimilisofbeldi en þar sögðust 84% ungmenna vilja fá meiri fræðslu um heimilisofbeldi (Mullender, Hague, Imam, Kelly, Malos og Regan, 2002).

Í rannsókn Anni G. Haugen (2012) það kemur alveg nýtt look á fólk kom fram að börn höfðu litla þekkingu á barnavernd áður en afskipti hófust. Eins kom fram hræðsla og óöryggi um hvað skildi gerast næst. Fá börn tóku þátt í gerð áætlana en taka ber þó fram að aldur og þroski barnanna höfðu þar áhrif. Börnin töldu að góður félagsráðgjafi tæki mið af skoðunum þeirra og hlustaði á hvað þau höfðu að segja. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar er sýna hver upplifun barna sé á þátttöku skóla í eigin barnaverndarmálum en foreldrar sem tóku þátt í framangreindri rannsókn voru fremur jákvæðir í garð íhlutunar skólans. Flestir töldu að ef skólinn gæti með einhverju móti stutt við barnið væri það jákvæður liður í samstarfi (Anni G. Haugen, 2012).

8 Niðurstöður og umræða

Tilgangur þessa verkefnis var að skoða hlutverk starfsmanna grunnskóla í samstarfi við starfsmenn barnaverndarnefnda. Kanna hvort frekara samstarf bryti í bága við lög um friðhelgi og trúnað og jafnframt kanna hverskonar samvinna þarf að eiga sér stað í barnaverndarmálum. Rýnt var í kenningarlegan bakrunn félagsráðgjafar til að leita svara og lagabókstaf okkar Íslendinga er varða samstarf barnaverndaryfirvalda við grunnskólann. Sú leið var farin að skoða og skilgreina hlutverk beggja stofnana til að ná betri yfirsýn yfir möguleika til samstarfs.

Grunnskólar sinna veigamiklu hlutverki í lífi hvers barns en í lögum um grunnskóla má sjá áherslu á almennar velferð og eiga því við víða skilgreiningu á vernd barna. Áhersla er lögð á velferð, forvarnir, ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins, barnsins og foreldra þess. Grunnskólalögum svipar því til barnalaga sem fjalla einnig um almenna velferð og réttindi barnsins. Barnaverndarlög eru hins vegar sérlög sem félagsráðgjafar vinna samkvæmt þegar rökstuddur grunur er fyrir hendi að börn njóti ekki réttinda sinna og velferð og þroska þeirra sé hætta búin. Barnaverndarlög eiga við þrengri skilgreiningar um vernd barna þar sem áherslan er eingöngu um að vernda barnið og hagsmuni þess þegar misbrestur hefur orðið.

Í grunnskóla þar sem barn eyðir bróðurparti úr degi verða starfsmenn varir við margt bæði í fari og aðbúnaði barns. Þeir búa þar af leiðandi yfir miklum upplýsingum og geta gefið greinagóðar lýsingar á aðstæðum barns sem geta nýst vel við vinnslu barnaverndarmála. Hlutverk starfsmanna grunnskóla í samstarfi við starfsmenn barnaverndarnefnda er að tilkynna mál, ásamt því að veita greinargóðar upplýsingar um barn og aðstæður þess jafnvel þegar tilkynning til barnaverndarnefnda kemur annarsstaðar úr samfélaginu. Samstarfið er einhliða við könnun máls og kemur það í hlut félagsráðgjafans sem fer með málið að meta hvort skólinn geti verið mikilvægur liður í áframhaldandi samstarfi svo sem við gerð áætlana. Ef félagsráðgjafinn metur svo að upplýsingagjöf til grunnskóla um barnið og hagi þess þjóni ekki tilgangi við vinnslu málsins verður ekki komið á samstarfi. Þá ákvörðun tekur félagsráðgjafinn út frá heildarsýn yfir málefni barnins og fjölskyldu þess.

Barnaverndarmál eru oft á tíðum mjög viðkvæm og varða friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Frekara samstarf grunnskólans og barnaverndar er því háð leyfi foreldra nema barnavernd úrskurði um annað. Félagsrágjöfum er óheimilt að veita skólanum upplýsingar um einstaka mál. Samstarf án leyfis foreldra brýtur því í bága við lög um friðhelgi og trúnað, barnaverndarlög ásamt helstu mannréttinasáttmálum sem Ísland hefur skuldbundið sig til að hlíta svo sem Mannréttinasáttmála Evrópu og Barnasáttmálanum.

Mikilvægasti liður í barnaverndarmálum er samstarf við forsjáraðila barns og eftir aðstæðum barnið sjálft. Rannsóknir hafa sýnt að náist að mynda samstarf þar sem trúnaður og traust ríkir milli foreldra, barns og félagsrágjafa sem fer með málið hefur það jákvæð áhrif á úrlausn málsins. Vistkerfiskenning Bronfenbrenners (1979) segir til um inngríp í það kerfi sem hefur mestu áhrifin í lífi barns. Nærkerfið er allra næst barninu og með því að vinna með þá hluti sem er ábótavant með fjölskyldunni er líklegast til að skila mestum áhrifum á barnið. Barnaverndarstarf er unnið út frá barnamiðaðri nálgun þar sem barnið og alhliða þarfir þess eru hafðar í forgrunni við alla meðferð einstakra mála. Félagsráðgjafi gætir réttinda barnsins og fjölskyldu þess vegna þeirra áhrifa sem fjölskyldan hefur á líf barnsins. Grunnskóli tilheyrir fjarlægara kerfi samkvæmt Bronfenbrenner og því ólíklegri til áhrifa. Barnaverndaryfirvöld hafa hlotið gagnrýni vegna þessa og reynt var að bregðast við með breytingum á barnaverndarlögum árið 2011. Heimildir til að veita upplýsingar voru rýmkaðar og þarf nú kærunefnd barnaverndamála að úrskurða um hvort upplýsingar um málefni einstakra barna eigi heima til dæmis innan skólastofnana. Samkvæmt fyrrgreindum rannsóknum telja grunnskólar að skortur sé á upplýsingum um framvindu einstakra mála og má því velja því upp hvort barnaverndaryfirvöld séu að veita þær grunnupplýsingar sem skólinn á rétt á samkvæmt 21. grein barnaverndarlaga. Staðfestingu á að tilkynning hafi borist og almennar upplýsingar um málið? Ef félagsráðgjafi hins vegar telur að skólinn geti með einhverju móti stutt við barnið þer honum að hvetja foreldra til samstarfs við skólann. Lögin gefa til kynna að samstarf barnaverndaryfirvalda, foreldra og barns og grunnskólans þurfi að vera aðskilið þrjúþætt samstarf. Barnaverndaryfirvöld eiga í samstarfi við foreldra, barn og grunnskóla. Grunnskólar eiga að mynda samstarf við foreldra ásamt því að veita barnaverndarnefndum upplýsingar um aðstæður barnsins ef barnaverndaryfirvöld óska

eftir þeim. Foreldrar og barn eiga í samstarfi við grunnskólann og barnaverndaryfirvöld. Barnaverndaryfirvöld og grunnskólar eru bundnir trúnaði er varða málefni barns utan tilkynningaskyldu við barnavernd. Því er foreldrum eignuð sú ábyrgð að velja hvaða upplýsingar eiga heima hvar og hvenær.

Þær rannsóknarspurningar sem settar voru fram opna á fleiri spurningar er varða samstarf starfsmanna grunnskóla og starfsmanna barnaverndarnefnda. Starfsfólki grunnskóla er gefið yfirgripsmikið verkefni um að gæta að velferð nemenda, tilkynna ef rökstuddur grunur er fyrir hendi um að barni sé hætta búin ásamt því að veita barnaverndarnefnd upplýsingar leiti hún eftir þeim. Allt frekara samstarf er háð leyfi frá foreldrum bæði vegna réttinda þeirra víðar í löggjöfinni og réttinda barnsins til friðhelgi í einkalífi. Höfundur leiðir hugann að því hvort öflugt foreldrasamstaf hafi áhrif á hvort foreldrar líti á skólann sem mikilvægan lið í samstarfi. Ef skólinn næði góðu og traustu samstarfi við foreldra, veitti þeim fræðslu um mikilvægi jákvæðra uppeldisaðferða og foreldrar fyndu að á þá væri hlustað myndi viðhorf foreldra verða jákvæðara fyrir vikið gagnvart skólanum? Eins mætti spyrja hvort allar upplýsingar um aðstæður barns eigi heima innan veggja grunnskóla? Í ljósi þess að manneskjunn er eðlislægt að finna til tilfinninga í garð málsaðila á borð við fordóma, samhygðar og vorkunnar. Sérstaklega þegar börn eiga í hlut og foreldrar ekki í stakk búinir til að veita þeim uppeldisvæn lífsskilyrði. Eins ef barn verður fyrir kynferðislegri misnotkun, gæti skólinn stutt við barnið hvað það varðar? Gætu slíkar upplýsingar breytt viðmóti kennarans gagnvart barninu og spyrja má hvort það væri barninu fyrir bestu? Þetta eru allt dæmi um ákvarðanir sem félagsráðgjafinn þarf að taka að ígrunduðu máli við vinnslu máls. Þess má geta að eina námskeiðið sem fjallar um barnavernd innan Háskóla Íslands er kennt við félagsráðgjafardeild og því félagsráðgjafar menntaðir til að taka slíkar ákvarðanir af yfirvegun og með heildarsýn yfir málefni barnsins.

Heimildaskrá

- Altshuler, S. J. (2003). From barriers to successful collaboration: Public schools and child welfare working together. *Social work*, 48(1), 52–63.
- Anni G. Haugen. (2010). Samvinna í barnavernd: sjónarhorn starfsmanns. Í Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XI - félagsráðgjafardeild*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Anni G. Haugen. (2008). Barnaverndarstarfsmenn, kröfur og menntun. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX -félags og mannvísindadeild, félagsráðgjafardeild, sálfræðideils og stjórn málafræðideild* (bls.356-367). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Anni G. Haugen. (2009). Samvinna við gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarstarfi. Í Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X – félagsráðgjafardeild og stjórn málafræðideild* (bls. 21–30). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Anni G. Haugen. (2012). „Það kemur alveg nýtt look á fólk“ Rannsókn á gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarstarfi. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Árni Einarsson. (2001). Venjur, viðhorf og vandi. Í Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson (ritstjórar), *Fíkniefni og forvarnir. Handbók fyrir heimili og skóla*.bls. 180-191. Reykjavík, Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.
- Baklien, B. (2009). Skole, barnehage, barneverntjeneste – bilder av “de andre” hindrer samarbeid. *Norges barnevern* 86(4), 236–244.
- Barnaheill, Save the Children á Íslandi, Mannréttindaskrifstofa Ísland og UNICEF á Íslandi (2011) *Report to the UN Committee on the Rights of the Child*. Sótt 23. nóvember 2015 af <http://www.barnaheill.is/media/PDF/skuggas.pdf>.
- Barnalög* nr 76/2003.
- Barnalög* nr 9. 1981.
- Barnalög* nr. 20/1992.
- Barnaverndarlög* nr. 80/2002 með áorðnum breytingum 80/2011
- Barnaverndarstofa. (2006). *Handbók*. Í Steinunn Bergmann (ritstjóri). Endurskoðuð 2015. Reykjavík: Barnaverndarstofa. Sótt 3. október 2015 af <http://www.bvs.is/media/fagfolk/handbok---uppfaerd-juli-2015.pdf>.

- Barnaverndarstofa. (2014) *Árskýrsla 2012-2013*. Barnaverndarstofa: Reykjavík. Sótt 5. október 2015 af http://www.bvs.is/media/arsskyrslur/Barnaverndarstofa_2012-2013.pdf.
- Bell, M. (2002). Promoting children's rights through the use of relationship. *Child and Family Social Work*, 7, 1–11.
- Berk, L. E. (2007). *Development Through the Lifespan*. Boston: Pearson/Allyn and Bacon.
- Bertalanffy, L. von. (1975). Perspectives on general systems theory: *scientific-philosophical studies*. New York : Braziller.
- Björg Karlsdóttir, Ólöf Unnur Sigurðardóttir og Sveinbjörg J. Svavarsdóttir. (2006). Geðheilbrigði og félagsleg tengsl. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 172-186). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Bloom, B.S. (1986). *The home environment and school learning*. The Study Group on the National Assessment of Student Achievement. The nation's report card. D.C.: U.S. Department of Education.
- Bronfenbrenner, U. (1979). *The ecology of human development: Experiments by nature and design*. Cambridge: Harvard University Press.
- Currie, J. (2001). Early childhood education programs. *Journal of Economic Perspectives*, 15, 213-238.
- Daniel, B., Featherstone, B., Hooper, C. A., & Scourfield, J. (2005). Why gender matters for Every Child Matters. *British Journal of Social Work*, 35, 1343-1355.
- Davíð Þór Björgvinsson. (1995). *Barnaréttur*. Bókaútgáfa Orators: Reykjavík.
- Duncan, G. J. og Magnusson, K. (2004). Individual and parent based intervention strategies for promoting human capital and positive behavior. Í P. L. Chase-Lansdale, K. Kiernan og R. J. Friedman (ritstjórar), *Human development accross lives and generations: The potential for change* (93-135). New York: Cambridge University Press.
- Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2010) *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og Tryggingamálaráðuneytið.
- Epstein, J.L. 1995. *School, Family and Community Partnerships. A Handbook for Action*. California. Corwin Press, Inc.
- Esteve, J. M. (2000). The transformation of the teachers' role at the end of the twentieth century: New challenges for the future. *Educational Review*, 52, 197–207.
- Farley, O.W., Smith, L.L. og Boyle, S.W. (2009). *Introduction to Social Work* (11. útgáfa). Boston: Pearson Education, Inc.

- Farrington, D. P. (1990). Implications of criminal career research for the prevention of offending. *Journal of Adolescence*, 13, 93-113.
- Farrington, D. P. og Welsh, B. C. (2003). Family-based prevention of offending: A meta-analysis. *Australian and New Zealand Journal of Criminology*, 36, 127-151.
- Fern, E. (2008). *The implications of how social workers conceptualise childhood, for developing child-directed practice: An action research study in Iceland*. Óbirt doktorsritgerð: Háskólinn í Warwick. Sótt 3. október 2015 af http://wrap.warwick.ac.uk/2225/1/WRAP_THESIS_Fern_2008.pdf.
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Fagdeild Félagsráðgjafa í barnavernd*. Sótt 17. október 2015 af <http://www.felagsradgjof.is/Stjorn/Fagfelag/Barnavernd/>.
- Gerður Sif Stefánsdóttir. (2012). *Samstarf barnaverndarnefnda og grunnskóla: Sjónarhorn skólastjórnenda*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild.
- Gilligan, R. (2003). Working with social networks, key resources in helping children at risk. Í M. Hill (ritstj.), *Effective ways of working with children and their families* (70–91). London: School of Applied Social Studies.
- Gilligan, R. (1998). The importance of schools and teachers in child welfare. *Child and Family Social Work*, 3 (13-25).
- Glenny, G. og Roaf, C. (2008). *Multiprofessional communication: Making systems work for children*. Glasgow: McGraw-Hill.
- Guðrún Kristinsdóttir, Freydís Jóna Freysteinsdóttir, Guðrún Frímansdóttir, Gunnar M. Sandholt. Hrefna Friðriksdóttir, Ólöf Finnsdóttir. (2004). *Barnaverndarmál – skilgreining hugtaksins og samanburður við nágrannalönd*. Reykjavík: Félagsþjónustan í Reykjavík.
- Guðrún Kristinsdóttir. (1991). *Child welfare and professionalization*. Umeå: University of Umeå.
- Guðrún Kristinsdóttir. (1993). Barnavernd og sérfræðiþróun. *Félagsráðgjafablaðið*, 1, bls. 14–24.
- Guðrún Kristinsdóttir. (2004). *Barnaverndarmál; Skilgreining hugtaksins og samanburður við nágrannalönd*. Í Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri). Reykjavík: Félagsþjónustan í Reykjavík.
- Guðrún Kristinsdóttir. (2008). *Barnavernd- Kennslufni*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Guðrún Kristinsdóttir. (2014). Ofbeldi á heimilum. Leitað til barna og unglunga. Í Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri). *Ofbeldi á heimili, með augum barna*. Háskólaútgáfan: Reykjavík.
- Gunnar G. Schram. (1999). *Stjórnskipunarréttur*. (2. útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Hanna Björg Sigurjónsdóttir. (2006). Valdefling: Glíma við margþætt hugtak. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 66-77). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Harding, L. F. (1997). *Perspectives in child care policy* (2. útgáfa). London: Longman Limited.
- Hervör Alma Árnadóttir. (2010). Fjölskyldusamráð: Leið barna til virkrar þátttöku. Í Halldór Sig. Guðmundsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XI: Félagsráðgjafardeild* (bls. 1–9). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Holland, S. og Scourfield, J. (2004). Liberty and respect in child protection *British Journal of Social Work*, 34, 17–32.
- Hrefna Ólafsdóttir. (2006). Börn og geðræn vandkvæði. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstj.), *Heilbrigði og heildarsýn* (bls 111–127). Reykjavík: Háskólaútgáfan: Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Íslensk orðabók. (E.d.) *Forvörn*. Sótt 8. september 2015 af <https://snara.is>
- Kolar, K. R., (2007). Silent victims: Children exposed to family violence. *The journal of school nursing*, 23(2):86-91.
- Landlæknir. (E.d.) *Síðareglur Félagsráðgjafa*. Sótt 15. september 2015 af <http://www.landlaeknir.is/gaedi-og-efartil/heilbrigdisstarfsfolk/starfsleyfi/sidareglur/item13340/>.
- Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn* (bls 49-61). Reykjavík: Háskólaútgáfan: Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Lightfoot, C., Cole, M. and Cole, S.R. (2008). *The development of children*. New York: Worth Publishers.
- Lýður Björnsson. (1979). *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*. Síðara bindi. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 87/1947.*
- Lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna nr. 57/1921.*
- Lög um barnavernd nr. 43/1932.*
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008 með áorðnum breytingum 34/2009; 35/2009; 38/2009; 91/2011; 126/2011; 128/2011.*
- Lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.*
- Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.*

- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.*
- Lög um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947.*
- Lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.*
- Lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.*
- Lösel, F. og Beelmann, A. (2003). Effects of child skills training in preventing antisocial behavior: A systematic review. *Annals of the American Academy of Political and Social Science*, 587, 84-109.
- Lösel, F. og Beelmann, A. (2006). Child social skills training. Í B. C. Welch og D. P. Farrington (ritstjórar), *Preventing crime: What works for children, offenders, victims, and places* (bls. 33-54). Dordrecht: Springer.
- Mash, E. og Wolfe, D. (2010). *Abnormal child psychology* (4. útgáfa). Belmont: Wadsworth.
- Mennta og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011 og greinasvið 2013* (2. útg. með breytingum 2015) Sótt 29. nóvember 2015 af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/7FC6618E765E116300257B2F003C2817/Attachment/adalnamskraokt2015breyting.pdf>.
- Menntamálaráðuneytið. (2006a). *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*. Sótt 19. nóvember 2015 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/agalmennurhluti_2006.pdf.
- Menntamálaráðuneytið. (2006b). *Verndum þau- Námskeið um ofbeldi gegn börnum og unglingum*. Sótt 23. nóvember 2015 af (<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/3679>).
- Mullender, A., Hague, G. L., Imam, U., Kelly, L., Malos, E., Regan, L. (2002). *Children's Perspectives on Domestic Violence*. Sage, London.
- Munro, E. (2008) *Effective child protection*. London: Sage publications.
- Nanna Þóra Andrésdóttir. (2014). Griðarstaður frá ofbeldinu. Líðan unglinga í skóla. Í Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri). *Ofbeldi á heimili með augum barna* (bls. 169-189). Háskólaútgáfan: Reykjavík.
- Neuman, L.W. (2011). *Social Research Methods: Qualitative and Quantitative approaches* (7. útgáfa). Boston: Pearson Education, Inc.
- Noble, D. N., Perkins, K. og Fatout, M. (2000). On being strength coach: Child welfare and the strengths model. *Child and Adolescent Social Work Journal*, 17(2), 141– 153.
- Payne, M. (2005). *Modern social work theory: a critical introduction*. (3 útg.), Basingstoke: Palgrave Macmillan.

- Pincus, A. og Minahan, A. (1981). *Social work practice: model and method*. Itasca: F. E. Peacock Publishers.
- Plant, H. (2006). *Involving the users of guidance services in policy development*. Leicester: The Guidance council.
- Ragnheiður Thorlacius. (2003). *Friðhelgi einkalífs*. Reykjavík: Umboðsmaður barna.
- Sadovnik, A. R., Cookson Jr., P. W. og Semel, S. F. (2001). *Exploring education: An introduction to the foundations of Education*. New York: Allyn and Bacon.
- Saint-Jacques, M.C., Drapeau, S., Lessard, G. og Beaudoin, A. (2006). Parent involvement practices in child protection: A matter of know-how and attitude. *Child and Adolescent Social Work Journal*, 23(2), 196–216.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnálaleg réttindi nr. 10/1979*
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr 18/1992.*
- Sandbæk, M. (ritstj.) (2001). *Fra mottaker til aktør: Burkernes plass i praktisk sosial arbeid og forskning*. Oslo: Gyldendal Akademisk.
- Scourfield, J. (2003). *Gender and child protection*. New York: Palgrave Macmillian.
- Seith, Corinna, Irene Böckmann. (2006). *Children and Domestic Violence- A Study of Their Understandings, Coping Strategies and Needs* (Final Scientific Report). University of Zurich, Department of education, Zurich.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2005). Réttur barna og velferð við skilnað foreldra: Um lýðræðishugsun og hagsmuni. *Tímarit lögfræðinga*, 55(2), 183-196.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2006a). Félagsráðgjöf á heilbrigðisviði, eitt sérfræðisviða. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Guðmundsson (ritstjórar). *Heilbrigði og heildarsýn* (bls 33-48). Reykjavík: Háskólaútgáfan: Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2006b). Vísindi og vald: Rannsóknarviðtak, þekkingargrunnur og faglegt sjálfræði í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa*, 1, 31-41.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2010). Tíminn og barnið: Um rótarask og foreldraást. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstjórar). *Velferð barna. Gildismat og ábyrgð samfélags*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Slettebø, T. og Seim, S. (ritstjórar). (2007). *Brukermedvirkning i barnevernet*. Osló: Universitetsforlaget.
- Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944*
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993*

- Thompson, N. (2009). *Understanding Social Work* (3 útgáfa). London: Palgrave Macmillan.
- Umboðsmaður barna, Barnaheill og UNICEF á Íslandi (E.d) Um Barnasáttmálann sótt 18. október 2015 af <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>.
- UNICEF á Íslandi. (2013). *Barnasáttmálinn lögfestur*. Sótt 9. september 2015 af <https://www.unicef.is/archives/1207>.
- Walls, K. M. og Farrell, A. M. (2008). Identifying and evaluating teachers' knowledge in relation to child abuse and neglect: A qualitative study with Australian early childhood teachers. *Teaching and Teacher Education*, 24(3), 585–600.
- Warren, J. (2007). *Service User and Carer Participation in Social Work*. Learning Matters and SAGE publications Inc: California.
- Webb, R. og Vulliamy, G. (2001). The primary teacher's role in child protection. *British Educational Research Journal*, 27(1), 59–77.
- Weinehall, K. (2005). "take my father away from home": Children growing up in the proximity of violence. Í M. Eriksson, M. Hester, S. Keskinen og K. Pringle (ritstjórar), *Tackling men's violence in families: Nordic issues and dilemmas* (137-154). Bristol: The policy Press.